

- Ásgrímur Hartmannsson
- 9.5.2023
- Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023–2026
- 1: " Aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu..." hatur er tilfinning, svo þarna á að fara að berjast gegn tjáningu tilfinninga.
- Ekki bara er það gróft brot á mannréttindum og stjórnarskrá, heldur sé ég ekki hvernig þetta samrýmist hugmyndum réttarríkisins - lög verða að vera skiljanleg og það verður að vera hægt að fara eftir þeim.
- "Hatur" er hvergi skilgreint neinstaðar þarna, bara talað um að það verði eitthvert námskeið um það á netinu.
- 2: "3. Netnámskeið gegn hatursorðræðu. Útbúið verði netnámskeið með grunnfræðslu um eðli og afleiðingar hatursorðræðu [...] Námskeiðinu verði sérstaklega beint að: [...] 3) dómurum, ákærendum og lögreglu,"
- Ég verð að skilja það sem svo að hér sé verið að ætlast til þess að dómendur líti bara framhjá grundvallarlögum ríkisins.
- Hvað ef dómendur vilja bara vinna samkvæmt lögum, samkvæmt réttu lögfræðilegu ferli, hvað þá?
- Það kemur ekki fram.
- Þetta er vont, því ef það má banna umtal um eina tilfinningu, þá má allt eins banna umtal um allar aðrar tilfinningar, hugdettur eða langanir.
- Ef ekki má tjá tilfinningar með orðum, hvernig þá? Inná hvaða brautir er verið að reyna að beina fólki hérna?

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 23. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026. Þingskjal 1212 – 795. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Þóra Jónsdóttir
Lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið til að gera umsögn um ofangreint mál. Samtökin sendu frá sér umsögn um málið er það var í samráðsgátt og senda nú aftur til Alþingis, með litlum breytingum.

Samtökin fagna aðgerðaáætluninni og hvetja til þess að þingsályktun um hana verði samþykkt en hana þarf þó að bæta að nokkru að mati Barnaheilla.

Sérstaklega er mikilvægt að fræðsla um hatursorðræðu og áhrif hennar verði eflað og allt gert til að stöðva útbreiðslu haturs og minnka skaðann sem orðinn er. Það er því ánægjulegt að sjá aðgerðir um fræðslu gegn hatursorðræðu fyrir börn og ungmenni í aðgerð 10.

Barnaheill fagna einnig aðgerð nr. 11 um aukna upplýsingamiðlun og samráð við börn og ungmenni um hatursorðræðu og hvetja Mennta- og barnamálaráðuneytið til að gæta þess að börn í jaðarsettum hópum fái tækifæri til þátttöku í því samráði.

Hvaða grunngildi liggja til grundvallar aðgerðum gegn hatursorðræðu?

Að mati Barnaheilla þarf að bæta umfjöllun um markmið og gildi sem liggja þurfa til grundvallar fræðslu um neikvæð áhrif hatursorðræðu í aðgerðaáætlunina. Á hvaða gildum vilja stjórnvöld byggja til að hafa áhrif til að draga úr hatursorðræðu? Í aðgerðaáætluninni er ekki minnst á kærleika og mannvirðingu gagnvart öllum manneskjum. Barnaheill vilja hér minna á inngangsorð Barnasáttmálans sem samtökin byggja starfsemi sína á:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum:

- sem telja, í samræmi við meginreglur þær er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að **viðurkenning á meðfæddri göfgi og jöfnum óaðskiljanlegum réttindum allra manna sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,**
- sem hafa í huga að hinar Sameinuðu þjóðir hafa í sáttmálanum enn staðfest trú sína á **grundvallarmannréttindi og virðingu og gildi allra manna, og hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum við meira frjálsræði,**
- sem viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar hafa í mannréttindayfirlýsingunni og í alþjóðasamningunum um mannréttindi lýst því yfir og samþykkt að **hver maður skuli eiga kröfu á réttindum þeim og frelsi sem þar er lýst, án nokkurs greinarmunar, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnámálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ættneris eða annarra aðstæðna,**
- sem minnst þess að hinar Sameinuðu þjóðir hafa lýst því yfir í mannréttindayfirlýsingunni að börnum beri sérstök vernd og aðstoð,
- sem eru sannfærð um að veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu,

- sem viðurkenna að barn eigi að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning, til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteypnan og jákvæðan hátt,
- sem telja að undirbúa beri barnið að fullu til að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins, og ala það upp í anda þeirra hugsjóna sem lýst er í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sérstaklega í anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis, jafnréttis og samstöðu,
- sem minnst þess að þeirrar nauðsynjar að barninu sé veitt sérstök vernd hefur verið getið í Genfaryfirlýsingu um réttindi barnsins frá 1924 og í yfirlýsingu um réttindi barnsins sem samþykkt var á allsherjarþinginu hinn 20. nóvember 1959, og hefur hún verið viðurkennd í mannréttindayfirlýsingunni, í alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (sérstaklega 23. og 24. gr.), í alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (sérstaklega 10. gr.), og í samþykktum og ýmsum löggerningum sérstofnana og alþjóðastofnana sem láta sig velferð barna varða,
- sem hafa í huga að barn þarfnist þess „að því sé látin í té sérstök vernd og umönnun þar sem það hafi ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska, þar á meðal viðeigandi lögvernd, jafnt fyrir sem eftir fæðingu“, eins og segir í yfirlýsingunni um réttindi barnsins,
- sem minnst ákvæða yfirlýsingarinnar um félagslegar og lagalegar meginreglur um vernd barna og velferð með sérstakri hliðsjón af fóstri barna og ættleiðingu innan lands og milli ríkja, almennra lágmarksreglna Sameinuðu þjóðanna um meðferð afbrotamála ungmenna (Beijing-reglnanna), og yfirlýsingarinnar um vernd kvenna og barna er neyð ríkir eða ófriður geisar,
- sem gera sér grein fyrir að í öllum löndum heims eru börn sem búa við sérstaklega erfiðar aðstæður, og að þau þarfnist sérstakrar athygli,
- sem taka fullt tillit til þess hversu mikilvægar siðvenjur og menningararfleifð hveirar þjóðar eru til þess að vernda barnið og tryggja að það þroskist á jákvæðan hátt,
- sem viðurkenna mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu svo bæta megi lífskjör barna í öllum löndum, en þó sérstaklega í þróunarlöndum, hafa komið sér saman um eftirfarandi:“ (og ákvæði Barnasáttmálans fylgja í kjölfarið).

Unnið verði með grunnorsakir

Í tilmælum Evrópuráðsins CM/Rec (2022)16 um baráttu gegn hatursorðræðu (e. Recommendation CM/Rec(2022)16 of the Committee of Ministers to member States on combating hate speech) er mælt með að unnið sé að því að skilja rætur og orsakir hatursorðræðu, sbr. kafli 4.

Að mati Barnaheilla má leiða að því sterkum líkum að þar sem hatur nær að breiðast út skortir á og hefur skort kærleika, umburðarlyndi, samhygð og stuðning í lífi þeirra sem um ræðir. Það er því afar mikilvægt að byggja aðgerðaáætlunina á gildum Barnasáttmálans, fjárfesta í forvörnum, stuðningi við fjölskyldur sem búa við efnislegan skort og þjóða upp á samtal um það hvað þau sem breiða út hatur hafa farið á mis við. Það krefst hugrekki að mæta hatri með kærleika, en hugrekki er mikilvægt að hafa til að bæta líf þeirra sem hata svo þau finni leið út úr hatrinu.

Aðgerðaáætlunin einblínir að mati Barnaheilla um of á hvernig megi tryggja að lög hafi nægilega skýr ákvæði svo þau séu nægilega sterk refsheimild gegn hatursorðræðu. Vissulega er mikilvægt að bregðast við í bráð og stöðva útbreiðslu haturs með því að grípa inn í og Barnaheill styðja við aðgerðir þar um, en telja að það sé einnig mikilvægt að byggja aðgerðaáætlunina á skýrum undirstöðum mannvirðingar, umburðarlyndis, mannréttinda og kærleika. Það er mikilvægt að mæta hatri með kærleika og hlustun. En vitanlega fyrr en seinna til að draga úr skaðvænlegum áhrifum þess.

Gildi þau sem liggja til grundvallar þingsályktunartillögu Alþingis um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (151. löggjafarþing 2020–2021, nr. 28/151, þingskjal 1702 – 762. mál.) eru að innleiðing Barnasáttmálans verði markviss og að öll börn njóti sinna réttinda samkvæmt samningnum. Að mati Barnaheilla er mikilvægt að sú þingsályktunartillaga verði nýtt sem grunnur og til hliðsjónar við mótun aðgerða gegn hatursorðræðu.

Þess má geta að frá því málið var í samráðsgátt stjórnvalda virðist engu hafa verið bætt við eða breytt og að engu litið til umsagna sem þá bárust. Auk þess er ekki að finna umfjöllun í greinargerð með tillögunni um áhrif aðgerðaáætlunarinnar á börn, en Barnaheill minna á að samkvæmt 3. grein Barnasáttmálans ber stjórnvöldum að taka ákvarðanir um málefni barna með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi. Með það fyrir augum hlýtur að þurfa að gera mat á áhrifum aðgerðaáætlunarinnar á börn og greina frá niðurstöðum þess mats í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Úr því þyrfti að bæta.

Að þessu sögðu og að teknu tilliti til athugasemda Barnaheilla hvetja samtökin Alþingi til að samþykkja tillöguna og tryggja að aðgerðir samkvæmt áætluninni fái stuðning og framkvæmd með tilheyrandi og nauðsynlegri fjármögnun.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

UMSÖGN BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS UM DRÖG AÐ ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU STJÓRNVALDA UM AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN HATURSORÐRÆÐU 2023-2026

[Ályktunardrögin](#) er að finna í Samráðsgátt.

Blaðamannafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við framkomin drög að þingsályktunartillögu frá forsætisráðherra um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu:

1. Við þá almennu upptalningu á lagaákvæðum sem nú gilda hér á landi varðandi hatursorðræðu og finna má í áttundu málsgrein greinargerðarinnar sem fylgir ályktunartillögunni vill Bí vekja athygli á lokasetningu þeirrar málsgreinar: „Framangreint ákvæði laga um fjölmiðla tekur ekki til hefðbundinnar gagnrýni, skoðanaágreinings eða stjórn málaumræðu í fjölmiðlum.“ Félagið telur mikilvægt að þetta sé áréttað, þ.e. að lagaákvæði til varnar hatursorðræðu hamli ekki eðlilegu tjáningarfrelsi og skoðanaskiptum í opinberri umræðu í frjálsu lýðræðissamfélagi.
2. Um 4. aðgerð áætlunarinnar – endurmat á þeirri útvíkkun á skilgreiningu refsiverðrar hatursorðræðu sem fólst í gildistöku laga nr. 29/2022 sem samþykkt voru af Alþingi 1. júní 2022 – vill Bí áréttar að í þeirri vinnu sé tilhlýðilegt tillit tekið til mikilvægis tjáningarfrelsisins við mat á beitingu þessara breyttu lagaákvæða.
3. Um 9. aðgerð aðgerðaáætlunarinnar, uppfærslu ákvæða um fjölmiðla er varðar hatursorðræðu sem leiðir af innleiðingu tilskipunar ESB nr. 2018/1808, er þess getið í greinargerð „að tilgangurinn með innleiðingu tilskipunarinnar er að uppfæra ýmis atriði í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, ekki eingöngu ákvæðið er varðar hatursorðræðu.“ Blaðamannafélagið gerir ekki athugasemd við þessa uppfærslu lagaákvæða um fjölmiðla og hatursorðræðu, en áréttar mikilvægi þess að vandað sé til verka við innleiðingu Evrópureglna sem þessara, og þess sé sérstaklega gætt að við innleiðinguna í íslensk lög sé ekki gengið lengra í að takmarka tjáningarfrelsið en inntak Evrópureglnanna gefur tilefni til.
4. Loks fagnar Bí því að í aðgerðaáætlun stjórnvalda sé gert ráð fyrir „samtali við fjölmiðla um hatursorðræðu í tengslum við tjáningarfrelsi og lýðræði og [að] auka þekkingu um hatursorðræðu“ (13. aðgerð áætlunarinnar). Slíkt samtal er að mati Bí vissulega til þess fallið að auka þekkingu um hvernig unnt er að sporna gegn hatursorðræðu og stuðla þannig að þróun til hins betra fyrir samfélagið allt. Félagið telur slíka samræðu lykilatriði í að þróa framkvæmd laga og reglna gegn hatursorðræðu þannig að hún setji ekki óeðlilegar hömlur á eðlilega opinbera umræðu í frjálsu lýðræðissamfélagi.

Fyrir hönd Blaðamannafélags Íslands,



Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður.

Alþingi
b.t. nefnda og greiningarsviðs

Reykjavík, 23. mars 2023
Málsnúmer: DSS202303-0116/0.09

Efni: Umsögn um tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál

Dómstólasýslan fer lögum samkvæmt með það hlutverk að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstólanna, sbr. 8. gr. laga nr. 50/2016. Það er mat dómstólasýslunnar að þær aðgerðir sem koma fram undir lið 3 og lið 3.4 í aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu sem lögð er til í þingsályktunartillögunni séu mikilvægar og er reiðubúin að koma að fræðslu sem vinnur gegn hatursorðræðu sem og fræðslu um hatursglæpi fyrir dómara.

Virðingarfyllt,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2023.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1212 - 795. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu árin 2023-2026 sem ætlað er að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Stefnan felur í sér 17 metnaðarfullar aðgerðir sem ná yfir margvíslega þætti samfélagsins. Þá er til fyrirmyndar að tengja aðgerðir við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og aðal inntak þeirra um að engir einstaklingar eða hópar séu skildir eftir.

Alþjóðasamtök félagsráðgjafa hafa um árabil lagt áherslu á félagsráðgjöf og sjálfbærni þar sem umræða er um aðkomu félagsráðgjafa að framkvæmd þessara markmiða. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur skoðað leiðir til að innleiða þessar áherslur. Alþjóðasamtökin hafa jafnframt vakið máls á áhrifum loftlagsbreytinga á jaðarsetta hópa og mikilvægi þess að skilja enga einstaklinga eða hópa eftir. Þá hafa Evrópusamtök félagsráðgjafa vakið athygli á vaxandi félagslegum vanda í Evrópu, sérstaklega tengdum fólksflutningum. Félagsráðgjafar búa yfir vitneskju um hvaða afleiðingar félagslegur vandi hefur fyrir einstaklinga og á efnahag þjóða. Félagsráðgjöf snýst um mannréttindi og munu félagsráðgjafar halda áfram að vinna með fólki, óháð uppruna þeirra og aðstæðum, til að stuðla að velferð þeirra. Félagsráðgjafar starfa þvert á landamæri og eru mannréttindi þungamiðja félagsráðgjafa, því hefur mannréttindasáttmáli Evrópu spilað stórt hlutverk í að móta réttindabyggða nálgun í félagsráðgjöf.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Menntun félagsráðgjafa er að því leyti sérstök að þar er áhersla lögð á þekkingu á sviði stjórnsýslulaga auk þess sem félagsráðgjafar hafa þjálfun í fjölskylduvinnu og málsstjórn (e. case management). Auk þess eru margir félagsráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði fjölskyldumeðferðar en rannsóknir sýna að fjölskyldumeðferð samhliða öðrum meðferðaraðferðum bætir árangur meðferðar og leiðir þannig til sparnaðar til lengri tíma litið. Styrkleiki félagsráðgjafa felst einnig í þekkingu þeirra á öðrum þjónustukerfum svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman

þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í vinnu með flóttafólki og innflytjendum og hafa stofnað fagdeild félagsráðgjafa í fjölmenningu sem starfar á vegum Félagsráðgjafafélags Íslands. Innan félagsins býr því yfirgripsmikil þekking á þessu sviði og geta félagsráðgjafar lagt mikið af mörkum þegar kemur að útfærslu og innleiðingu þeirra aðgerða sem koma fram í þingsályktunartillögunni. Félagið er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður



FJÖLMIÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefnda- og greiningarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2023
Mál nr. 2023-77/0.4

Efni: Umsögn Fjölmiðlanefndar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.

1.

Fjölmiðlanefnd vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 5. maí 2023, þar sem Fjölmiðlanefnd var gefinn kostur á að veita umsögn um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, sbr. þingsályktunartillögu forsætisráðherra, þingskjal 1212 – 795. mál.

Fjölmiðlanefnd er ætlað það hlutverk að efla fjölmiðlalæsi og standa vörð um tjáningarfrelsið og rétt almennings til upplýsinga. Þá er nefndinni ætlað eftirlit með 27. gr. laga um fjölmiðla um bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi í fjölmiðlum.

Ný tækni og nýir miðlar hafa gjörbreytt samskiptamáta fólks og lýðræðisleg umræða fer í auknum mæli fram á netinu. Til að tjáningarfrelsið, ein af meginstöðum lýðræðissamfélaga, nái tilgangi sínum er mikilvægt að allir þjóðfélagsþegnar treysti sér til að stíga fram á opinberan vettvang og láta til sín taka í opinberri umræðu.

Á Norðurlöndunum hafa um árabíl verið gerðar rannsóknir til að kanna umfang haturstjáningar og hvort tilteknir hópar í samfélaginu forðist þátttöku í lýðræðislegri umræðu vegna haturstjáningar eða ógnana sem þeir verða fyrir á netinu. Samkvæmt niðurstöðum kannana sem Fjölmiðlanefnd lét gera að norrænni fyrirmynd 2021 og 2022 kýs hátt hlutfall fólks í íslensku samfélagi að halda sig til hlés í opinberri umræðu að einhverjum hluta og upplifir óöryggi vegna hatursfullrar umræðu á netinu. Þá gefa niðurstöðurnar til kynna að hlutfall þeirra, sem hafa upplifað hatursfull ummæli, einelti eða áreiti og hótanir um ofbeldi á netinu, fari hækkandi á milli ára.

Árið 2022 höfðu 31% þátttakenda tekið eftir eða upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum hér á landi, samanborið við 7% í Noregi. Í könnun frá árinu 2021 svöruðu 24,1% þessari spurningu játandi hér á landi.

Þá sýndu niðurstöður sömu könnunar frá 2022 að ögranir og/eða háð höfðu neikvæð áhrif á þátttöku tæplega helmingis (43%) þátttakenda í umræðu á netinu hér á landi. Alls sögðust 15% vera varkárari en áður í að lýsa skoðunum sínum á netinu, 8% leituðu frekar í umræður í lokuðum hópum og 15% hættu að taka þátt í umræðum á netinu.

Af framangreindu má ráða að nokkuð skortir á að allir þjóðfélagshópar hér á landi treysti sér til að nýta sér rétt sinn til tjáningarfrelsis á netinu og að hópar sem eru útsettir fyrir hatursfullu tali á netinu kunni að halda sig að nokkru leyti til hlés í þjóðfélagsumræðunni. Það veldur áhyggjum að svo hátt hlutfall fólks í samfélaginu upplifi óöryggi í umræðum á netinu og veigri sér við að tjá skoðanir sínar.

2.

Einungis er heimilt að takmarka tjáningarfrelsið með lögum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sem fram koma í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Lögheimilar takmarkanir tjáningarfrelsis er m.a. að finna í ákvæði 233. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 um bann við hatursorðræðu og 27. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi.

Eitt markmiðið með lagaákvæðum um bann við hatursorðræðu og öðrum aðgerðum gegn hatursorðræðu er að koma í veg fyrir kynþáttafordóma og hvers kyns mismunun byggða á kynþáttum, ýta undir umburðarlyndi fyrir ólíkum hópum og stuðla betur að því lýðræðismarkmiði að borin sé jöfn virðing fyrir öllum mönnum og samfélagshópum.

Samkvæmt núgildandi 27. gr. laga um fjölmiðla er fjölmiðlum óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi. Einnig er þeim óheimilt að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþátta, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu. Ákvæði 27. gr. laga um fjölmiðla sækir fyrirmynd sína í hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB 2010/13, auk þess sem það á sér samsvörun í tilmælum ráðherra nefndar Evrópuráðsins nr. R (97) 20 um bann við hatursáróðri í fjölmiðlum. Ákvæðið á sér einnig að nokkru leyti samsvörun í 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en bæði ákvæðin miða einkum að vernd tiltekinna og viðkvæmra hópa.

Í athugasemdum við 27. gr. með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla er hatursáróður skilgreindur sem „*tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkoma sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi*“.¹ Ákvæðið á þannig ekki við um málefnalega gagnrýni, frjálsa

¹ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 144.

stjórn málaumræðu og skoðanaágreining, enda sérstaklega vísað til þess í athugasemdunum að gera þurfi greinarmun á þessu tvennu.

Túlka ber allar undanþágur frá meginreglunni um tjáningarfrelsi þröngt, eins og fram hefur komið í dómaframkvæmd héraðs dómstóla, auk þess sem ítrekuð dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu liggja þeim sömu sjónarmiðum til grundvallar. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og Mannréttindadómstóls Evrópu má ráða að fjölmiðlar í lýðræðisþjóðfélagi hafi víðtækt svigrúm til að fjalla um þjóðfélagsleg málefni og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir í umdeildum málum.

3.

Í 9. aðgerð aðgerðaáætlunar gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026 kemur fram að gera þurfi breytingar á 27. gr. laga um fjölmiðla. Lagt er til að sú vernd sem ákvæðið felur í sér taki til fleiri hópa, auk þess sem mælt verði sérstaklega fyrir um bann við hvatningu til hryðjuverka.

Breytingartillögurnar sem fram koma í 9. aðgerð eru í samræmi við 12. gr. frumvarpsdraga til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, 979. mál, sem nú er til meðferðar hjá allsherjar- og menntamálanefnd og felur í sér innleiðingu á hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB 1808/2018. Þeim tillögum sem fram koma í 9. aðgerð er með öðrum orðum svarað í áðurnefndum frumvarpsdrögum þar sem lagt er til að ákvæði 27. gr. laga um fjölmiðla verði svohljóðandi:

Fjölmiðlum er óheimilt að:

- a. hvetja til hryðjuverka og annarrar refsiverðrar háttsemi,
- b. kynda undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, kyn tjáningar, aldurs, fötlunar, tungumáls, stjórn mála-, lífs- eða trúarskoðana, erfðafræðilegra einkenna, þjóðernis- eða þjóðfélagsstéttar, menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum verður sú vernd sem núgildandi 27. gr. fjölmiðlalaga felur í sér látin taka til fleiri hópa og eftirfarandi orðum bætt við ákvæðið: *Kynvitund, kyn tjáning, aldur, fötlun, tungumál, stjórn mála- og lífsskoðanir, erfðafræðileg einkenni og þjóðfélagsstétt.*

Loks er í frumvarpsdrögunum lagt til að felld verði brott krafa í núgildandi 27. gr. laga um fjölmiðla um að hatursáróður verði að vera settur fram „með markvissum hætti“ til að ábyrgð fjölmiðla samkvæmt ákvæðinu virkist. Í skýringum við ákvæðið segir að það leiði þó ekki til þess að fjölmiðill/fjölmiðlaveita geti þurft að sæta ábyrgð vegna einstakra ummæla viðmælenda eða starfsmanna fjölmiðla. Ábyrgð fjölmiðilsins/fjölmiðlaveitunnar virkist t.d. ef fjölmiðillinn í endurteknum tilvikum geri engar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðmælendur eða dagskrárgerðarfólk viðhafi hatursfull ummæli eða áróður.

Framangreindar breytingar er í samræmi við tillögur sem ECRI, nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, hefur gert á síðustu árum en nefndin er sjálfstæður eftirlitsaðili á sviði mannréttinda. Þær samræmast nýlegum tilmælum Evrópuráðsins um

aðgerðir gegn hatursorðræðu (Recommendation CM/Rec(2022)16 of the Council of Europe's Committee of Ministers on combating hate speech). Þá eru þær í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 16.1 og 16.10, eins og fram kemur í þingsályktunartillögum.

4.

Þær aðgerðir sem lagðar eru til í aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026 miða að því að bregðast við þeirri neikvæðu þróun sem að framan hefur verið lýst. Áætlunin byggir á skilgreindum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka fræðslu og þekkingu almennings á birtingarmyndum og afleiðingum hatursorðræðu. Með henni eru einnig stigin mikilvæg skref í þá átt að bæta lagalega vernd tiltekinna og viðkvæmra þjóðfélagshópa.

Með vísan til alls framangreinds telur Fjölmiðlanefnd aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026 til þess fallna að draga úr kælandi áhrifum hatursorðræðu á tjáningarfrelsið og stuðla að virkari þátttöku allra þjóðfélagshópa í opinni, lýðræðislegri umræðu.

Fyrir hönd Fjölmiðlanefndar,



Heiðís Lilja Magnúsdóttir
yfirlögfræðingur



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri

Minnisblað

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar 17. maí sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum frá forsætisráðuneytinu varðandi samráð við vinnslu tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026 sem og varðandi umsagnir sem bárust í samráðsgátt stjórnvalda.

1. Upplýsingar varðandi samráð við vinnslu þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu áður en hún var lögð fram á þinginu.

Líkt og kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu (795. mál) var víðtækt samráð haft við hagsmunaaðila við gerð áætlunarinnar. Dagana 6. og 21. september 2022 voru haldnir sérstakir samráðsfundir með fulltrúum frá á þriðja tug hagsmunasamtaka og sérfræðinga. Á fundunum kynnti formaður starfshópsins hlutverk hópsins og markmið, auk þess að ítreka að hægt væri að senda hópnum frekari ábendingar, upplýsingar og athugasemdir ef einhverjar væru. Hver hagsmunasamtök héldu þriggja til fimm mínútna framsögu um hvað mætti betur fara að þeirra mati og til hvaða aðgerða skyldi grípa til að stemma stigu við hatursorðræðu í íslensku samfélagi. Að lokum fóru fram umræður þar sem fulltrúar hagsmunaaðila og sérfræðingar svöruðu spurningum frá fulltrúum starfshópsins.

Fulltrúar eftirtaldrá aðila mættu á samráðsfundina með starfshópnum:

- Alþýðusamband Íslands
- Antirasistarnir
- Barnaheill
- BRSB
- Efling
- Fjölmiðlanefnd
- Geðhjálp
- Intersex Ísland
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands
- Kennarasamband Íslands
- Kvenréttindafélag Íslands
- Landssamtökin Þroskahjálp
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- Rauði krossinn á Íslandi
- Samtökin '78
- Solaris
- Trans Ísland
- Umboðsmaður barna
- Öryrkjabandalag Íslands

Fleiri aðilar fengu boð á samráðsfundina.

Hinn 25. október 2022 hélt forsætisráðherra opinn samráðsfundur um aðgerðir gegn hatursorðræðu í Hörpu. Forsætisráðherra var með opunarávarp og dr. María Rún Bjarnadóttir, verkefnisstjóri stafræns ofbeldis hjá Ríkislögreglustjóra, flutti erindi um birtingarmyndir haturs í lögum og framkvæmd á Íslandi. Að því loknu fóru fram umræður í hópum um eftirfarandi spurningar:

- Hver er þín skilgreining á hatursorðræðu? Hverjar eru birtingarmyndir hennar og að hverjum beinist hún?
- Hvernig er unnt að koma í veg fyrir hatursorðræðu? Hvaða tegund af fræðslu myndi ná í gegn?

Þátttakendur voru um hundrað talsins.

Þann 1. nóvember 2022 var haldinn samráðsfundur með börnum á aldrinum 12-17 ára frá hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78, ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í upphafi fundar var tilgangur hans kynntur og farið í nafnaleik. Að því loknu fóru fram umræður í hópum um eftirfarandi spurningar:

- Sjáid þið hatursorðræðu í kringum ykkur? Hver verður fyrir henni?

- Hvernig fræðslu mynduð þið vilja fá um hatursorðræðu? Hvaða börn/ungmenni væri best að fá í að móta fræðslu fyrir börn og ungmenni?

Fimmtán börn mættu á þennan fund.

2. Upplýsingar um hvort samantekt liggja fyrir hjá ráðuneytinu varðandi þær umsagnir sem bárust í samráðsgátt, hvaða sjónarmið hafi komið fram og hvort brugðist hafi verið við þeim.

Drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn hatursorðræðu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. 2/2023) hinn 4. janúar 2023 og var umsagnarfrestur til 22. s.m.

Alls bárust 20 umsagnir um drögin frá eftirtöldum aðilum:

- | | |
|----------------------------------|---|
| • Amnesty International | • Landssamtökin Þroskahjálp |
| • Ábyrg framtíð | • Magnús Kjartansson |
| • Barnaheill | • Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar |
| • Bláðamannafélag Íslands | • Mannréttindaskrifstofa Íslands |
| • Eldur Smári Kristinsson Ísidór | • Málfrelsi |
| • Erna Ýr Öldudóttir | • Samtökin '78 |
| • Fannar Hjálmarsson | • Trans Ísland |
| • Guðrún Agnarsdóttir | • UN Women á Íslandi |
| • Háskóli Íslands | • Öryrkjabandalag Íslands |
| • Kennarasamband Íslands | |
| • Klemens Georg Sigurðsson | |

Mun fleiri umsagnaraðilar studdu tillöguna en voru á móti og fögnuðu framkomnum tillögum að aðgerðum, sérstaklega áherslunni sem lögð er á fræðslu.

Í umsögnum þeirra aðila sem ekki lýstu yfir eindregnum stuðningi við málið kom fram að skilgreiningin á hatursorðræðu væri ekki nægilega skýr, að með tillögunni væri vegið að tjáningar- og skoðanafrelsi fólks og að áætlunin væri ekki nægilega fjármögnuð. Einnig var það gagnrýnt að ekki væri nægileg áhersla lögð á fötlun og kyn í tillögunni. Sumir gagnrýndu aðgerðirnar sem lúta að fræðslu á meðan aðrir gagnrýndu að fræðslan væri valkvæð.

Ekki þótti tilefni til að gera breytingar á þingsályktunartillögunni vegna þeirra umsagna sem bárust í samráðsgátt. Hvað varðar mikilvægi þess að skilgreining á hatursorðræðu sé skýr vísast til tölulíða 1 og 2 í svari forsætisráðherra við fyrirspurn frá Eyjólfí Ármannssyni um hatursorðræðu (153. löggjafarþing, 2022–2023, 971. mál).

Við vinnslu þingsályktunartillögunnar var lögð áhersla á að gæta jafnvægis milli tjáningar- og skoðanafrelsis annars vegar og friðhelgi einkalífs og jafnréttis og banns við mismunun hins vegar. Fyrst og fremst er verið að leggja til fræðslu og hvetja til umræðna um reglur sem þegar eru í lögum, m.a. almennum hegningarlögum, hvernig þær megi best virka í framkvæmd og fylgjast með þróun mála er varða hatursorðræðu. Einnig að vekja fólk til meðvitundar um alvarlegar afleiðingar hatursorðræðu á einstaklinga sem og á samfélagið í heild sinni og leitast við að finna leiðir til að sporna gegn hatursorðræðu, að teknu tilliti til tjáningar- og skoðanafrelsis.

Ráðuneytið taldi tillöguna nægilega fjármagnaða, enda felur hún í sér að árið 2023 verði samtals 20 millj. kr. varið í verkefni, 15 millj. kr. í vitundarvakningarherferð, sbr. aðgerð 2, og 5 millj. kr. í netnámskeið sem vinnur gegn hatursorðræðu, sbr. aðgerð 3. Jafnframt verði á tímabilinu 2024-2026 10 millj. kr. úthlutað árlega úr framkvæmdasjóði fyrir verkefni sem beinast gegn hatursorðræðu, sbr. aðgerð 1.

Samantekt umsagna um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar frá 25. apríl sl. þar sem óskað er eftir minnisblaði frá forsætisráðuneytinu með viðbrögðum við umsögnum sem borist hafa nefndinni í tengslum við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026.

Allsherjar- og menntamálanefnd bærust alls 17 umsagnir um tillöguna frá eftirtöldum aðilum:

- | | |
|--------------------------------------|------------------------------------|
| 1. Barnaheill | 10. Mannréttindaskrifstofa Íslands |
| 2. Blaðamannafélag Íslands | 11. Öryrkjabandalag Íslands |
| 3. Dómstólasýslan | 12. Reykjavíkurborg |
| 4. Félagsráðgjafafélag Íslands | 13. Ríkislögreglustjóri |
| 5. Háskóli Íslands | 14. Samtökin '78 |
| 6. Hrunamannahreppur | 15. Sveitarfélagið Skagafjörður |
| 7. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands | 16. Umboðsmaður barna |
| 8. Jafnréttisstofa | 17. UN Women á Íslandi |
| 9. Landssamtökin Þroskahjálp | |

Umsagnirnar voru heilt yfir jákvæðar í garð þingsályktunartillögunnar. Nánast allir umsagnaraðilar fagna henni berum orðum og/eða taka undir þau meginsjónarmið sem liggja henni til grundvallar. Enginn umsagnaraðilanna lýsir sig mótfallinn tillögunni.

Nokkrir umsagnaraðilanna¹ leggja sérstaka áherslu á að tillagan verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti. Þá telja Landssamtökin Þroskahjálp mikilvægt að fjármagn sé sérstaklega eynamerkt til að vinna gegn hatursorðræðu gagnvart fötluðu fólki, enda mikil hætta á að hópurinn gleymist í almennri umræðu um hatursorðræðu.

Reykjavíkurborg, Samtökin '78 og UN Women á Íslandi telja mikilvægt að skilgreina hatursorðræðu á sem skýrastan hátt og benda Reykjavíkurborg og Samtökin '78 í því sambandi á tilmæli Evrópuráðsins CM/Rec (2022)16 um baráttu gegn hatursorðræðu.

Þá telja Reykjavíkurborg og Öryrkjabandalag Íslands nauðsynlegt að tryggja að hagsmuna-, féлага- og grasrótarsamtök hafi sterka rödd í sem flestum aðgerðum og að þau sem vinni að útfærslu aðgerðanna séu sérfræðingar á þeim sviðum sem þær taka til.

Félagsráðgjafafélag Íslands, Samtökin '78 og UN Women á Íslandi lýsa sig reiðubúin til að koma almennt að útfærslu og innleiðingu þeirra aðgerða sem taldar eru í tillögunni. Aðrir umsagnaraðilar lýsa sig reiðubúna til að koma að útfærslu og innleiðingu sérstakra aðgerða, sbr. umfjöllun um hverja aðgerð hér á eftir.

Þeim athugasemdum sem bærust vegna þeirra aðgerða sem lagðar eru til í þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026 verða hér stuttlega gerð skil en að öðru leyti vísast til einstakra umsagna.²

Aðgerð 2 (vitundarvakningarhefiferð): Þrjár umsagnaraðilar beina sjónum að aðgerðinni. Ríkislögreglustjóri telur aðgerðina mikilvæga. Jafnréttisstofa fagnar tækifæri til að kynna nánar lög nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þá telur Reykjavíkurborg mikilvægt að horfa til þess að hatursorðræða í íslensku samfélagi hafi í miklum mæli beinst að konum og fötluðu fólki, auk þess að skoða kynjuð áhrif þess haturs sem ýmsir hópar upplifi.

¹ Barnaheill, Jafnréttisstofa, Mannréttindaskrifstofa Íslands, UN Women á Íslandi og Öryrkjabandalag Íslands.

² Engar athugasemdir voru gerðar við aðgerðir 1 (framkvæmdasjóður vegna verkefna sem beinast gegn hatursorðræðu), 3.2 (fræðsla sem vinni gegn hatursorðræðu fyrir stjórnendur og starfsfólk Stjórnarráðsins og stofnana þess), 3.5, (fræðsla sem vinni gegn hatursorðræðu á vinnustöðum), 6 (fullgilding viðbótarbókunar við samning Evrópuráðsins um tölvubrot), 15 (utanríkisstefna með áherslu á mannréttindi og jafnrétti) og 16 (tilmæli Evrópuráðsins um hatursorðræðu þýdd og kynnt).

Aðgerð 3 (netnámskeið sem vinnur gegn hatursorðræðu): Dómstólasýslan telur aðgerðina mikilvæga og Ríkislögreglustjóri telur þá heildstæðu fræðslu sem lögð er til eiga að stuðla að skýrari skilningi á mörkum tjáningarfrelsis. Jafnréttisstofa fagnar tækifæri til að kynna nánar lög nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þroskahjálp bendir á að skortur sé á fræðsluefni um hatursorðræðu á auðskildu máli. Reykjavíkurborg telur mikilvægt að skoða útfærslu námskeiðsins en netnámskeið hafi ákveðna ókosti, t.d. skort á uppbyggilegum skoðanaskiptum þar sem sumir „sæki“ námskeiðin án þess að vera raunverulega á þeim, auk þess sem valkvæð fræðsla nái til færri og hafi þar af leiðandi minni áhrif. Umboðsmaður barna leggur til að greint verði hvort æskilegt sé að sambærilegt netnámskeið verði útbúið fyrir börn.

Aðgerð 3.1 (fræðsla sem vinni gegn hatursorðræðu fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum og starfsfólk sveitarfélaga): Sveitarstjórn Hrunamannahrepps fagnar áherslu á sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn.

Aðgerð 3.3 (fræðsla sem vinni gegn hatursorðræðu fyrir skólasjórnendur, kennara, leiðbeinendur og ljá.fara í skipulögðu íþrótta- og æskulífsstarfi): Íþrótta- og ólympíusamband Íslands segir alla fræðslu gegn hatursorðræðu til bóta, enda sé hún ein árangursríkasta leiðin til að vinna gegn hatursorðræðu í íþróttahreyfingunni. Þá geti hreyfingin verið gott afl í baráttunni gegn hatursorðræðu almennt, enda hafi hún mikið uppeldislegt gildi og marga snertifleti við börn og ungmenni í landinu.

Aðgerð 3.4 (fræðsla sem vinni gegn hatursorðræðu og um hatursglæpi fyrir dómara, ákærvald og lögreglu): Dómstólasýslan telur aðgerðina mikilvæga og lýsir sig reiðubúna til að koma að fræðslu fyrir dómara. Ríkislögreglustjóri fagnar tillögunni og mun styðja við útfærslu aðgerðarinnar eftir bestu getu.

Aðgerð 4 (úttekt á nýlegum breytingum á almennum hegningarlögum): Blaðamannafélag Íslands áréttar að við endurmat á útvíkkun skilgreiningar refsiverðrar hatursorðræðu með gildistöku laga nr. 29/2022 verði tilhlýðilegt tillit tekið til mikilvægis tjáningarfrelsisins við mat á beitingu hinna breyttu lagaákvæða.

Aðgerð 5 (verklagsreglur fyrir lögreglu og ákærendur): Ríkislögreglustjóri styður aðgerðina og lýsir sig reiðubúinn til að aðstoða við undirbúning og vinnslu aðgerðarinnar.

Aðgerð 7 (þolendakönnun ríkislögreglusjórnar): Ríkislögreglustjóri fagnar aðgerðinni, enda mikilvægt að kortlagning vandans byggji á gögnum sem sé aflað með markvissum hætti á grundvelli skýrrar og gagnreyndrar aðferðafræði. Reykjavíkurborg telur að bæta þurfi við bakgrunnsspurningum til að geta greint betur hvaða hópar verði fyrir og upplifi haturs og nota þurfi aðrar aðferðir til að skoða eðli hatursorðræðu héraendis. Hún varpar því fram hvort fólk af erlendum uppruna muni svara lendi það í úrtaki.

Aðgerð 8 (breyting á ákvæðum laga um rcfræn viðskipti og aðra rcfræna ljónustu, m. a. um ferli til að jarlægga ólöglegt efni, þ.m.t. hatursorðræðu): Ríkislögreglustjóri hvetur til þess að hugað verði að samræmi í innlendu regluverki varðandi haturs á netinu við innleiðingu regluverks um innri stafrænan markað, m.a. ákvæðum laga nr. 54/2021, um íslensk höfuðlén. Úrræði lögreglu samkvæmt 11. gr. laganna gagnist ekki þegar um sé að ræða tjáningu haturs á vefsíðum vistuðum undir .IS lénum. Nánar er útskýrt hvað átt sé við í umsögninni sjálfri.

Aðgerð 9 (breyting á ákvæðum laga um jölmíðla er varðar hatursorðræðu): Blaðamannafélag Íslands áréttar mikilvægi þess að vandað sé til verka og ekki gengið lengra í að takmarka tjáningarfrelsið en inntak umræddra Evrópureglanna gefur tilefni til.

Aðgerð 10 (fræðsla sem vinni gegn hatursorðræðu fyrir börn og ungmenni): Barnaheill fagnar aðgerðinni. Reykjavíkurborg og Umboðsmaður barna telja að leggja þurfi mat á það hvort útbúa þurfi nýtt náms- og fræðsluefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og þá þurfi að gera ráð fyrir fjármagni í þá vinnu. Reykjavíkurborg telur jafnframt þurfa að skoða hvernig koma megi fræðslunni til kennaranema og í gegnum aðra háskólamenntun til að tryggja sjálfbærari framfylgd aðalnámsskrár.

Aðgerð 11 (aukin upplýsingamiðlun og samráð við börn og ungmenni um hatursorðræðu): Barnaheill og Umboðsmaður barna fagna aðgerðinni. Reykjavíkurborg bendir á mikilvægi þess að ná til fjölbreytts hóps barna og huga að ólíkum minnihlutahópum.

Aðgerð 12 (aukin fræðsla, upplýsingamiðlun og samráð um hatursorðræðu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila): Reykjavíkurborg telur aðgerðina óljósa.

Aðgerð 13 (aukin upplýsingamiðlun og samráð við „jölmiðla um hatursorðræðu): Bláðamannafélag Íslands fagnar aðgerðinni, enda samtalið til þess fallið að auka þekkingu um hvernig unnt sé að sporna gegn hatursorðræðu og stuðla að þróun til hins betra fyrir samfélagið allt.

Aðgerð 14 (könnun um mismunun á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum): Reykjavíkurborg telur að samhliða ætti að skoða mögulega mismunun sem íbúar hjúkrunarheimila og notendur heilbrigðisþjónustu upplifa, auk þess að skoða mismunun út frá holdafari og heilsu og/eða veikindum. Jafnframt að hluti aðgerðarinnar þyrfti að lúta að mögulegum viðbrögðum komi mismunun í ljós.

Aðgerð 17 (upplýsingavefsvæði um hatursorðræðu): Landssamtökin Þroskahjálp benda á að upplýsingavefsvæðið verði einnig að vera á auðskildu máli og íslensku táknmáli.

Í umsögnunum eru jafnframt gerðar nokkrar almennar athugasemdir. Meðal annars telur Barnaheill að bæta þurfi umfjöllun inn í aðgerðaáætlunina um markmið og gildi sem liggja þurfi til grundvallar fræðslu um neikvæð áhrif hatursorðræðu, t.a.m. kærleika og mannvirðingu og þau gildi sem koma fram í inngangsorðum Barnasáttmálans. Félagsráðgjafafélag Íslands telur til fyrirmyndar að tengja aðgerðirnar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Bláðamannafélag Íslands telur mikilvægt að árétta það sem fram kemur í greinargerðinni að lagaákvæði til varnar hatursorðræðu hamli ekki eðlilegu tjáningarfrelsi og skoðanaskiptum í opinberri umræðu í frjálsu lýðræðissamfélagi.

Háskóli Íslands leggur áherslu á að framkvæmd aðgerða sé í góðu samstarfi við fræðasamfélagið og félagsamtök og bendir á mikilvægi þess að efla þátt háskólasamfélagsins í aðgerðaáætluninni. Landssamtökin Þroskahjálp gera kröfu um að fatlað fólk komi að öllum liðum aðgerðaáætlunarinnar og Reykjavíkurborg kemur með tillögur að aðgerðum sem hún telur vanta í aðgerðaáætlunina.³

Ríkislögreglustjóri lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í því samfélagslega samráði sem felst í aðgerðum 11-13.

Samtökin '78 benda á að óbein hatursorðræða hafi einnig færest í aukana, t.d. meðvituð upplýsingaóreiða þar sem einstaklingar fullyrða eitthvað um ákveðna hópa gegn betri vitund, fagfólki og rannsóknnum. Þessi upplýsingaóreiða geti skapað ólgu og undiröldu sem byggji undir beina hatursorðræðu og mismunun, þá sérstaklega gegn minnihlutahópum.

Umboðsmaður barna segir ánægjulegt að sérstaklega komi fram í greinargerð að tryggja eigi beina og merkingarbæra aðkomu barna að kennsluefni og að mikilvægt sé að hafa samráð við ólíka hópa barna. UN Women á Íslandi telja sérstaklega mikilvægt að beina eigi ljósi að aukinni fræðslu innan kerfis og utan og Öryrkjabandalag Íslands bendir á að hatursorðræða gegn fötluðu fólki sé dagleg. Fötun samtvinnist öðrum mismununarbreytum og fatlaðar konur séu í sérstakri hættu.

Ráðuneytið hefur yfirfarið framangreindar umsagnir en líkt og að framan greinir voru þær heilt yfir jákvæðar. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að almenn ánægja ríkir um þá áherslu sem lögð er á *fræðslu* í tillögnum en sem dæmi taka bæði dómstólasýslan og embætti ríkislögreglustjóra það sérstaklega fram í sínum umsögnum. Að því er varðar aðrar ábendingar er vísað til greinargerðar með þingsályktunartillögnum, m.a. hvað varðar skilgreiningu á hatursorðræðu. Einnig má benda á ítarlega umfjöllun um skilgreiningu á hugtakinu í svári

³ 1) Tillögur um hvernig megi flétta viðbrögð við hatursorðræðu inn í viðbragðsáætlanir fyrirtækja vegna eineltis, áreitni og ofbeldis. 2) Ráðning verkefnastjóra til að fylgja eftir aðgerðaáætluninni og veita ábyrgðaraðilum fræðslu og stuðning, þannig yrði betur tryggt að aðgerðir næðu tilgangi sínum, nái til þeirra sem þurfi og verði unnar á réttum tíma. 3) Vettvangur til að tilkynna um hatursorðræðu að teknu tilliti til mismunandi stöðu einstaklinga, m.a. út frá tungumáli og tölvufærni, auk verkferla um hvernig skuli brugðist við tilkynningum um hatursorðræðu.

forsætisráðherra við fyrirspurn Eyjólfssonar um hatursorðræðu (153. löggjafarþing 2022–2023, þskj. 1570 — 971. mál) við spurningu nr. 1. Sjá: <https://www.althingi.is/altext/153/s/1570.html>.

Reykjavík, 20. janúar 2023

**Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu
2023-2026**

Háskóli Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu, sem byggir á víðtæku samráði við hagaðila.

Háskóli Íslands leggur áherslu á að framkvæmd aðgerða sé í góðu samstarfi við fræðasamfélagið og félagasamtök. Fræðasamfélagið býr yfir þekkingu sem mikilvægt er að nýta við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar. Hér á landi starfa jafnframt mörg öflug félagasamtök á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Nauðsynlegt er að taka mið af sjónarmiðum og reynslu þeirra sem helst verða fyrir hatursorðræðu.

Háskóli Íslands bendir á að samkvæmt tillögunni er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu ekki falin bein ábyrgð á verkefnum í aðgerðaáætlun. Þar sem fjallað er um menntastofnanir í tillögunni er áherslan á önnur skólastig en háskólastigið, sem þó tekur í mörgum tilvikum við framhaldsskólastiginu.

Mikilvægt er að viðbrögð við og forvarnir gegn hatursorðræðu miði einnig að aðstæðum í háskólasamfélaginu. Þar hafa á undanförunum árum orðið miklar breytingar, m.a. í tengslum við fjölbreytileika og samsetningu nemendahópsins, og einnig kennara og annars starfsfólks. Má geta þess að sífellt fleiri nemendur af erlendum uppruna stunda nú nám í háskólum landsins; fjöldi nemenda nýtir sérúrræði í námi, og sýnileiki hinsegin nemenda hefur aukist. Því er mikilvægt að fræðsla beinist að starfsfólki og nemendum í háskólasamfélaginu. Það á ekki síst við um nemendur sem í framtíðarstörfum sínum sinna ábyrgðarhlutverki í tengslum við þessa aðgerðaáætlun. Má þar sérstaklega nefna kennaranema sem undirbúa sig fyrir störf í menntastofnunum landsins.

Einnig má benda á að þekking sú sem miðla á samkvæmt þingsályktunartillögunni kemur í mörgum tilvikum frá rannsóknum eða nýsköpun fræðimanna innan háskólasamfélagsins. Það undirstrikar mikilvægi þess að efla þátt háskólasamfélagsins í aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu og þar með auka ábyrgð og þátt háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins í þeim efnum.

Komið þið sæl !

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 16. mars 2023 vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði forsætisráðherra sem hér leggur fram tillögu til þingsályktunar þar sem gerð er kraftmikil tilraun til að stemma stigu við hatursorðræðu í samfélaginu.

Sveitarstjórn fagnar einnig þeirri áherslu sem lögð er á sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn í tillögunni en ljóst hefur verið í nokkurn tíma að með tilkomu samfélagsmiðla hefur orðræða versnað mjög.

Hefur sveitarstjórnarstigið allt liðið fyrir þetta enda fjölmargir hæfir og góðir einstaklingar dregið sig út úr opinberum störfum vegna þeirrar ómálefnalegu og oft á tíðum hreinlega hatursfullu umræðu sem sveitarstjórnarmenn hafa þurft að sitja undir.

Slíkt hefur bein áhrif á lýðræði og hefur án vafa átt ríkan þátt í því að sveitarstjórnarmenn staldra jafn stutt við í sveitarstjórnnum og raun hefur verið á.

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Með bestu kveðju

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 22. mars 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu og telur mikilvægt að til sé aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu.

Eins og annars staðar í samfélaginu þá finnst hatursorðræða einnig í íþróttahreyfingunni. Þar fer hún helst fram á samfélagsmiðlum en einnig á áhorfendapöllum og beinist að þátttakendum í íþróttastarfinu, iðkendum, þjálfurum og dómurum. Öll fræðsla í þessum málaflokki er því til bóta.

Samkvæmt lögum ÍSÍ þá er eitt af hlutverkum sambandsins að berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga.

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands telur að árangursríkast sé að vinna gegn hatursorðræðu í íþróttahreyfingunni með stöðugri fræðslu, góðum hegðunarviðmiðum og jákvæðri karakteruppbyggingu. Einnig með því að skapa góða menningu í öllum einingum íþróttahreyfingarinnar og vinna að inngildingu. Leiðtogar og aðrar fyrirmyndir geta spilað stórt hlutverk í því að koma á framfæri jákvæðri menningu og tala gegn hatursorðræðu í samskiptum út á við.

ÍSÍ telur að íþróttahreyfingin geti verið gott afl í baráttunni gegn almennri hatursorðræðu ekki síður en hatursorðræðu í íþróttum. Hreyfingin er stór og hún hefur mikið uppeldislegt gildi og marga snertifleti við börn og ungmenni í landinu. Hatursorðræða er áunnið/lært. Allir sem koma að uppeldi barna og ungmenna geta hafa áhrif á að útrýma hatursorðræðu.

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri





Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 21. mars 2023
2303096 JFK


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, þskj. 1212, 795. mál.

Jafnréttisstofa hefur borist beiðni um umsögn vegna ofangreindrar þingsályktunartillögu. Stofan fagnar þessari tillögu og hvetur til þess að hún verði samþykkt. Jafnréttisstofa átti tvo fulltrúa í starfshópi gegn hatursorðræðu og kom því að gerð hennar.

Þá telur Jafnréttisstofa að fullt tilefni sé til að þær aðgerðir sem fram koma í tillögunni verði að veruleika og að rík þörf sé á að fræða og fjalla um þau atriði sem þar eru nefnd. Ljóst er að tillagan leggur töluverða áherslu á fræðslu og er Jafnréttisstofu meðal annars ætlað hlutverk í vitundarvakningarherferð, sbr. 2. liður. Þá er stofnunni einnig ætlað að koma að gerð netnámskeiðs með grunnfræðslu um eðli og afleiðingar hatursorðræðu og fræðslu um mismunun og áreitni vegna þeirra þátta sem íslensk jafnréttislöggjöf tekur til sem og tiltekinnna ákvæða almennra hegningarlaga. Jafnréttisstofa hefur m.a. eftirlit með lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018 og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018 og telur að í þessu felist tækifæri til þess að kynna þá löggjöf nánar.

Jafnréttisstofa vekur þó athygli á að vitundarvakningarherferðir og netnámskeið eru kostnaðarsöm og leggur því áherslu á að tillaga þessi verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti.

Jafnréttisstofa hvetur til þess að ofangreind þingsályktunartillaga verði samþykkt.



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023 – 2026, 795. mál

22. mars 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi hana.

- Mjög mikilvægt er að sérstaklega verði eyrnamerkir peningar til að vinna gegn hatursorðræðu gagnvart fyrir fötluðu fólki. Sá hópur er sjaldnast til umræðu um fordóma og hatursorðræðu í íslensku samfélagi og mikil hætta er á að hann gleymist í almennri umræðu um hatursorðræðu.
- Algeng viðbrögð við hatursorðræðu gegn fötluðu fólki er að ráðleggja því eða jafnvel að banna því að nota netið. Aðrir jaðarsettir hópar þurfa ekki að búa við slíka forræðishyggju og jafnvel nauðung í daglegu lífi.
- Krafa Þroskahjálpar er að fatlað fólk komi að öllum liðum aðgerðaráætlunarinnar. – Sjá umfjöllun hér á eftir um ákvæði um samráðsskyldur stjórnvalda samkvæmt 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Allt of algengt er að þegar gögnum er safnað, sbr. 7. lið áætlunarinnar, að fötlun sé ekki þáttur sem er skoðaður sérstaklega. Krafa Þroskahjálpar er að öllum gögn sem verði safnað, taki einnig til fatlaðs fólks.
- Mikil skortur er á fræðsluefni um hatursorðræðu á auðskildu máli. Of mikil áhersla hefur verið á að kenna fötluðu fólki að vernda sig en ekki á að það eigi rétt til lífs án ofbeldis.
- Samtökin fagna sérstaklega 14. lið áætlunarinnar, enda er fatlað fólk mjög berskjaldað gagnvart heilbrigðisstarsfólki og læknisfræðilegri nálgun á fötlun.
- Upplýsingavefsvæði sem um er fjallað í 17. lið áætlunarinnar þarf einnig að vera á auðskildu máli og íslensku táknmáli.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eru ýmis ákvæði sem hafa mikla þýðingu m.t.t. þess máls sem hér er til umfjöllunar og framangreindra áhersluatriða Þroskahjálpar.

Íslenska ríkið fullgilti samning SP um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að samningurinn verði lögfestur og þá er hafin af hálfu ríkisins framkvæmd sérstakrar landsáætlunar um innleiðingu hans.

4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks hefur yfirskriftina „**Almennar skuldbindingar**“. Þar segir m.a.:

1. *Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.*

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) *að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,*

b) *að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,*

c) ***að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og úætlanagerð, ...*** (Feitletr. og undirstr. Proskahj.)

Í **1. gr. samningsins** segir m.a.: „Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og að jöfnu allra mannréttinda og mannfrelsis og að stuðla að virðingu fyrir eðlislægri reisu þess.“ Og í 3. gr. samningsins kemur fram að virðing fyrir eðlislægri reisu fatlaðs fólks sé ein af meginreglum samningsins.

Í **8. gr. samningsins** sem hefur yfirskriftina „**Vitundarvakning**“ segir m.a. að ríki sem hafa fullgilt samninginn skuli „samþykkja tafarlaugar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir ... til þess að stuðla að vitundarvakningu alls staðar innan samfélagsins, einnig á vettvangi fjölskyldunnar, um fatlað fólk og að auka virðingu fyrir réttindum og mannlegri reisu þess“, og „til þess að vinna á móti staðalímýndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, einnig þeim sem eru reist á kyni og aldri, á öllum sviðum lífsins.“

16. gr. samningsins hefur yfirskriftina „**Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum**.“ Þar er kveðið á um ýmsar skyldur ríkja sem hafa fullgilt samninginn til að vernda fatlað fólk fyrir ofbeldi af ýmsu tagi. Þau ákvæði samnings SP um réttindi fatlaðs fólks sem vísað er til hér að framan eru viðurkenning ríkja heims á þeirri staðreynd að fatlað fólk hefur orðið fyrir og verður enn fyrir miklum fordómum sem m.a. birtast í neikvæðri og lítillækkandi orðræðu, mismunun og ofbeldi af ýmsu tagi hvarvetna í heiminum. Ísland er engin undantekning frá því eins og dæmin sýna.

31. gr. samningsins hefur yfirskriftina „**Tölfræðilegar upplýsingar og gagnasöfnun**.“ Þar segir m.a.:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, meðal annars tölfræðilegum gögnum og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnum samningi þessum til framkvæmdar. ... Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða eftir því sem við á og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að innleiða skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og takast á við þær hindranir sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.

Í **3. mgr. 4. gr. samningsins** sem hefur yfirskriftina „**Almennar skuldbindingar**“ segir:

*Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufurli varðandi málefni fatlaðs fólks, **skulu aðildarríkin hafa náðið samráði við***

fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd. (Feitletr. Þroskahj.).

Samtökin óska eftir að fá að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að gera nefndinni betur grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þetta mikilvæga mál.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri

Reykjavík, 22. janúar 2023

Umsögn Magnúsar Kjartanssonar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026

Við fyrstu sýn gæti virst göfugt markmið að reyna að vinna bug á hatursorðræðu. En notkun hugtaka, sem eru svo gildishlaðin að aðeins skilyrðislaust lof eða skilyrðislaus fordæming koma til greina, er varhugaverð og villandi. Hugmyndin um hatursorðræðu er bersýnilega afsprengi ímyndarstjórnmála. Einkenni þeirra, eins og annarra hóphyggjukenna (e. collectivism), er að fórna réttindum einstaklingsins fyrir réttindi hópsins. Þannig er hætt við að afleiðingar þingsályktunartillögunnar verði — þvert á markmið hennar um að efla mannréttindi — aukin mismunun og sundrung í þjóðfélaginu.

Þegar menn njóta ekki réttinda sem einstaklingar, heldur einungis í krafti aðildar sinnar að útvöldum hópi er hætt á því að umkomulausir einstaklingar sem tilheyra svokölluðum „forréttindahópi“ njóti minni réttinda en áhrifamenn sem tilheyra svokölluðum „jaðarhópi“.

Vart geta það talist mannréttindi, þegar hvorki einstaklingar né hópar eru jafnir fyrir lögunum. Þetta leiðir einnig til samkeppni um hver tilheyrir flestum jaðarhópum, sá sem tilheyrir aðeins einum jaðarhópi nýtur takmarkaðri réttinda en sá sem tilheyrir tveimur eða fleiri jaðarhópum samtímis (e. intersectionality).

Afleiðingar aðgerða gegn hatursorðræðu eru einhliða: „Jaðarsettir“ njóta tjáningarfrelsis og verndar gegn hatursorðræðu en þagmælska „forréttindastétta“ er tryggð og þeim jafnframt mismunað sé hatursorðræðu beint gegn þeim.

Þá eru merki um að staðreyndir sem eru ákveðnum hópum ekki til framdráttar, verði bannfærðar úr opinberri sem og fræðilegri umræðu með hjálp hatursorðræðuhugtaksins. Þetta getur leitt til alvarlegra atburða, eins og dæmi frá Derby, Huddersfield, Manchester, Newcastle, Oxford, Peterborough, Rochdale, Rotherham og Telford sanna. Öryggisvörðurinn Kyle Lawler sagði fyrir dómi að hann hefði haft illan bifur á Salman Abedi, sem varð 22 að bana í Manchester 22. maí 2017, en hann hefði vanrækt starfsskyldu sína af ótta við að vera sakaður um hatursorðræðu. Þessi ótti hefur nú þegar þau alvarlegu áhrif að halda aftur af fjölda viðkvæmra einstaklinga, sem eru í enn verri stöðu, þar sem þeir geta ekki tjáð sig um hana með góðu móti. Kannanir frá Ástralíu, Þýskalandi og Bandaríkjunum sýna að þeim fjölgar hratt, sem telja sér ekki óhætt að tjá sig um viðhorf sín jafnvel meðal vina og vandamanna. Óttinn við ranga skoðun heftir andlegan þroska, þrúgar skynsemina og eykur einsemd og einangrun.

Fjöldmörg dæmi eru um að hatursorðræðumerkimiðinn ógni frelsi fræðimanna. Fyrirlestri líffræðingsins Marie-Lusie Vollbrecht við Humboldt-háskólann var aflýst vegna mótmæla nemenda, Kathleen Stock sagði prófessorsstöðu sinni við Sussex-háskóla lausri vegna langvarandi og gegndarlausis niðs þrýstihópa, nóbelsverðlaunahafinn Tim Hunt var sviptur heiðursstöðu sinni við University College London vegna óvarlegra ummæla, Kristina Sundquist sætir rannsókn og ákæru fyrir að hafa komist að óvæntri niðurstöðu í rannsókn sinni á einkennum ofbeldismanna og staða félagsfræðingsins Laurens Buijs við Háskólann í Amsterdam er í hættu eftir að hann birti hluta af niðurstöðum þriggja ára rannsókna sinna, sem samræmast ekki heimssýn nemenda. Eins og leiðandi talsmenn orðræðuglæpavæðingarinnar, Richard Delgado og Gene Stefancic skrifa, er það forkastanleg hatursorðræða að fjalla um tölfræðilega skjalfestan mismun ef jaðarhópar eru annars vegar.

Í tillöggunni er ítrekað bent á tengsl orða og ofbeldis: „Hatusorðræða getur í alvarlegustu tilvikunum leitt til ofbeldisbrota.“ Menn sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi, sem afleiðingar hatursorðræðu, geta leitað réttar síns á grunni meiðyrðalöggjafar, sem er nú þegar í gildi. En orð eru ekki það sama og gerðir. Þegar skilin á milli orða og athafna eru afmáð, er grafið undan hugmyndinni um sjálfræði og siðferðilega ábyrgð, ofbeldismenn firrtir ábyrgð á gjörðum sínum og hún færð yfir á saklausa menn. Viðbrögð manna við hatursfullum áróðri eru ekki ósjálfráð og slæmar hugmyndir eru ekki eins og smitsjúkdómur, hvers útbreiðslu þarf að hefta.

Eftir því sem þjóðfélagið verður fjölbreyttara eykst þörfin á fjölbreyttri umræðu. Aðgerðaáætlun um hatursorðræðu, sem bannfærir umræðu og jafnvel staðreyndir er snerta ákveðna hópa, er fremur til þess fallin að koma í veg fyrir að menn tjái skoðanir sínar.

„Ef skoðun er meinað að njóta sín, þá er gervallt mannkyn rænt eign sinni. Komandi kynslóðir bíða tjón ekki síður en þær, sem nú lifa, og þeir, sem öndverðir eru skoðuninni, bíða meira tjón en hinir, sem aðhyllast hana. Sé skoðunin rétt, glata menn færi á að hverfa frá villu síns vegar. Sé hún röng, missa menn næstum jafnmikils, þeirrar skýrari skyrjunar og fjörmeiri myndar af sannleikanum, sem birtist, þegar sönnu og lognu lýstur saman.“

(John Stuart Mill)

Ég tek undir umsögn *Málfrelsis — Samtaka um frjálssa og opna umræðu, lýðræði og mannréttindi* og legg til að tillaga forsætisráðherra til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu verði dregin til baka í heild sinni.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, þskj. 1212, 795. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind tillaga til umsagnar. Átti skrifstofan fulltrúa í starfshópi gegn hatursorðræðu sem skilaði af sér drögum að tillögunni og styður hana heils hugar. Tillagan er umfangsmikil og mælir fyrir um fjölbreyttar aðgerðir, enda var starfshópnum falið að skoða viðfangsefnið frá ýmsum hliðum.

Fleiri aðgerðir en fram koma í tillögunni voru þó ræddar og jafnframt nánari útfærsla. Þær aðgerðar voru valdar úr sem brýnastar þóttu og reynt að skýra þær að gagni án þess að fara í of ítarlegt og langt mál. Framkvæmdaaðilum er enda ætlað að tryggja þekkingu og færni þeirra sem framkvæma eiga aðgerðirnar sem og verklag við þá framkvæmd.

Nokkrir úr starfshópnum lýstu áhyggjum yfir því að það fjármagn sem ætlað er til aðgerðanna dygði ekki og var MRSÍ þar á meðal. Ítrekar skrifstofan þær áhyggjur sínar og hvetur til þess að fundið verði meira fjármagn til að standa undir þeim aðgerðum sem þingsályktunartillagan mælir fyrir um.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2023.

Efni: Umsögn Málfrelsis – samtaka um frjálsa og opna umræðu, lýðræði og mannréttindi, um tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um hatursorðræðu 2023-2026

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er reist á grunni klassísks frjálslyndis. Í þeim anda miða ákvæði hennar að því að verja frelsi borgaranna til orðs og athafna. Í þessum sama anda er miðað að valddreifingu, m.a. með innbyrðis temprun valdpáttá. Stjórnarskráin miðar í stuttu máli að því að verja hið dýrmæta frelsi með því að halda ríkisvaldinu í skefjum. Með þessu er dregið fram að grundvöllur frjáls samfélags er fólgin í sjálfsákvörðunarrétti borgaranna. Grunneiningin í slíku samfélagi er hinn frjálsi einstaklingur. Göfugasta hlutverk laga í slíku ríki er að verja rétt fólks til að hugsa, til að efast, til að tjá sig, þvingunarlaust og á grundvelli frjálsrar samvisku. Stjórnarskrá lýðveldisins er, eins og aðrar vestrænar stjórnarskrár, sömuleiðis reist á þeirri undirstöðu að öll séum við jöfn fyrir lögunum og að lögin taki jafnt til allra. Í því felst að réttvísinn er blind. Holdgervingur og tákn þessarar hugsjónar er réttlætisgyðjan, *Iustitia*, sem heldur á sverði sínu í annarri hendi, en vogarskálum réttlætisins í hinni, standandi á lögbók - með bundið fyrir augun. Þetta síðasta atriði er e.t.v. dýrmætasta vörn borgaranna gegn því að lögin umbreytist, úr því að vera umgjörð frelsis, fyrirsjáanleika og jafnræðis, í að vera einhvers konar barefli sem valdhafar nota til mismununar, aðskilnaðar, ritskoðunar, þöggunar, útilokunar og ofríkis.

Umsögn þessi er rituð til að minna á að upptök valdsins eru hjá fólkinu sem landið byggir. Ríkisstjórn, lögregla og aðrir embættismenn sækja umboð sitt þangað. Af því leiðir að valdhöfum eru takmörk sett hvað viðvíkur viðleitni til valdbeitingar sem fer í bága við þær frelsisundirstöður sem áður voru nefndar. Í því felst ekki síst sú meginskylda að vernda hvers konar lögmæta tjáningu í samræmi við ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og mannréttindasáttmála Evrópu. Úrræði yfirvalda til að leggja höft á tjáningu / orðræðu takmarkast af þessu, þar sem tjáningarfrelsið telst til grundvallarmannréttinda. Því ber yfirvöldum í hvívetna að gæta hófs og varúðar gagnvart höftum á skoðanatjáningu og hugmyndamiðlun. Hér sem annars staðar verða inn grip, afskipti og íhlutun yfirvalda ekki réttlætt nema um sé að ræða verknæð / tjáningu sem talin verður refsiverð að lögum. Vafa í þessum efnum ber að virða borgurinum í vil. Ritskoðunarbann 73. gr. stjkskr. leiðir t.a.m. af sér að útgáfa rita er ekki háð skilyrði opinbers leyfis eða yfirlestrar. Hvorki lögregla né aðrar opinberar stofnanir mega leiðast í þann farveg að taka upp slíka starfshætti eða eftirlit. Lögreglumenn eru borgarar í einkennisbúningum. Þeim ber, eins og öðrum íbúum landsins, að virða stjórnarskrá landsins og landslög í störfum sínum og framgöngu.

Forsenda áætlunarinnar óskilgreind

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir:

„Ekki liggur fyrir nein ein skilgreining á hugtakinu hatursorðræða sem sammælst hefur verið um, hvorki að þjóðarétti né landsrétti einstakra ríkja. Því er ljóst að hatursorðræða er ekki skýrlega afmarkað lögfræðilegt hugtak.“

Með öðrum orðum er hér verið að leggja fram áætlun um aðgerðir gegn óskilgreindu vandamáli. Hvergi er heldur að sjá að sýnt hafi verið fram á að vandamálið sé yfirleitt til staðar, né að nein

tilraun hafi verið gerð til að grafast fyrir um orsakir þess. Tilvitnuð orð ættu að nægja Alþingi til að viðhafa fulla aðgát hvað viðvíkur efni þingsályktunartillögunnar. Vandséð er hvernig samþykkja má aðgerðaáætlun og fjárútlát á svo óljósum grunni. Verði áætlunin samþykkt og hrint í framkvæmd merkir það einnig að ókjörnum embættismönnum og/eða verktökum er falið að framkvæma hana, og þar sem skilgreiningu vandamálsins vantar, að skilgreina það einnig. Með því myndi Alþingi framselja vald til ákvarðana sem geta haft réttaráhrif til aðila sem ekki er ætlað að fara með slíkt vald. Þessi skortur á skilgreiningu vandamálsins er nægjanleg ástæða til að Alþingi hafni umræddri þingsályktunartillögu.

Með tillögunni er brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár

Með vísan til þess sem áður segir um jafnræði allra fyrir lögunum er af hálfu samtakanna á það bent að í greinargerð með tillögunni eru tilgreindir sérstaklega ákveðnir hópar sem ekki megi beita hatursorðræðu gegn. Í ljósi reynslunnar má slík framsetning heita uggvænleg, því með gagnályktun má ætla að aðrir njóti ekki slíkrar verndar. Reynsla síðustu ára hefur afhjúpað hættuna á að þær áherslur sem hér um ræðir leiði í framkvæmd til varhugaverðrar mismununar. Sem dæmi má nefna að þeir sem af ýmsum ástæðum kusu að þiggja ekki sprautu með svonefndum Covid-19 bóluefnum máttu sitja undir orðræðu af ætt mismununarstefnu og aðskilnaðar, sem talin hefði verið dæmi um hatursorðræðu ef henni hefði verið beint að þeim hópum sem tilgreindir eru í greinargerðinni. Þann 26. nóvember 2021 krafðist Kári Stefánsson, einn helsti álitsgjafi og ráðgjafi stjórnvalda í kórónuveirufaraldrinum þess að fólk sem hafnaði bólusetningu yrði innilokað á heimilum sínum til æviloka¹.

Eitt versta dæmið var leiðari Sigmundar Ernís Rúnarssonar í Fréttablaðinu 13. nóvember 2021 „Herkvíni“, þar sem hvatt var til mismununar og frelsisskerðinga gagnvart óbólusettum.² Með vísan til þessara ummæla og fleiri slíkra beindi raunar Arnar Þór Jónsson lögmaður kvörtun til Fjölmiðlanefndar, f.h. umbjóðanda síns, sem þótti verulega að sér vegið og vildi láta á það reyna hvort hugur fylgdi máli af hálfu yfirvalda sem ítrekað hafa á síðustu árum haft í frammi fögur orð um mannréttindavernd undir flaggi hatursorðræðu. Kvörtunin var því ekki síst byggð á tilvísun til ákvæða í lögum um þetta atriði, þ.e. hatursorðræðu. Svo brá þó við í þessu tilviki að Fjölmiðlanefnd sem á síðustu árum hefur farið mikinn í umræðu um skaðsemi hatursorðræðu sá ekki ástæðu til að aðhafast neitt, m.a. með vísan til þess að alvarleiki málsins væri ekki nægur, og vék sér undan því að taka málið til efnislegrar umfjöllunar, sbr. meðfylgjandi ákvörðun nefndarinnar 1. febrúar 2022. Hvorki umboðsmaður Alþingis né Alþingi sjálfstáðu ástæðu til að láta mál þetta nokkuð til sín taka, þrátt fyrir yfirlýsingar af hálfu beggja síðastnefndra stofnana um það að vegið hefði verið að borgurum á tímum sóttvarnaaðgerða vegna Covid-19. Hér fer ekki saman hljóð og mynd.

Jafnvel forseti Íslands gaf í skyn í þingsetningarræðu árið 2021 að þeir sem ekki þáðu bólusetningu væru að krefjast þess er hann kallaði „rangsnúinn rétt til að smita aðra“.³ Forseti hefur aldrei beðist opinberlega afsökunar á þessum ummælum. Fleiri urðu uppvísir að sambærilegri orðræðu, meðal annars ýmsir forystumenn í atvinnulífinu. Í desember 2021 lagði sóttvarnalæknir til að börnum yrði mismunað á grunni þess hversu marga skammta bóluefnis gegn Covid-19 þau hefðu fengið.⁴ Á þeim tíma, er ummæli þessara aðila komu fram, var þó löngu ljóst að hinar umræddu bólusetningar væru

1

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/11/26/telur_mikilvaegt_ad_born_verdi_bolusett/?fbclid=IwAR0ybobhW-tgsvvRNKYshxS6ipFaPztdGNEc0mlObRNYKR3UXWr7uEDd3DY

² Sjá: <https://www.frettabladid.is/skodun/herkviini/> (Skoðað 21.1.2023).

³ <https://www.visir.is/g/20212186932d>

⁴ <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Minnisblad-innanlands04122021.pdf>

með engum hætti til þess fallnar að koma í veg fyrir smit í samfélaginu⁵, og það staðfesti raunar þáverandi sóttvarnalæknir strax sumarið 2021.⁶ Hatursfull ummæli og hótanir þessara aðila byggðu því á röngum upplýsingum, sem yfirvöld dreifðu. Hvergi í áætluninni er fjallað um aðgerðir til að stemma stigu við hatursorðræðu sem runnin er undan rifjum stjórnvalda eða embættismanna á þeirra vegum.

Af framangreindu er ekki órökrétt að draga þá ályktun að borgarar landsins standi misvel frammi fyrir lögum hvað viðvíkur ætlaðri hatursorðræðu. Með öðrum orðum gefa framangreind dæmi tilefni til að hafa rökstuddar áhyggjur af því að sá „fjölbreytileiki“ sem vegsamaður er í þingsályktunartillögunni taki ekki til fjölbreytileika í skoðunum, lífsviðhorfum og möguleikum manna til að fá að synda gegn straumi samtímans á grundvelli samvisku sinnar og sannfæringar. Framangreintdæmi veita vísbendingu um að verndarlínan kunni aðeins að vera dregin um þá sem njóta velvildar stjórnvalda. Slíkt er ótækt í samfélagi sem kenna vill sig við mannúð og umburðarlyndi. Með því að vernda sérstaklega ákveðna hópa eða einstaklinga gegn hatursorðræðu, en aðra ekki, er 65. grein stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands brotin, en samkvæmt henni er skýrt að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda í hvívetna.

Um einstakar aðgerðir

Hvað einstakar aðgerðir í áætluninni gerir stjórn Málfrelsis eftirfarandi athugasemdir:

Í lið 3.a, er mælt fyrir um að allir kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnastigi undirgangist fræðslu um hatursorðræðu. Með öðrum orðum er þessi skylda lögð á herðar lýðræðislega kjörnum fulltrúum, sem vafasamt verður að telja að standist lög. Eða hvað hyggjast stjórnvöld gera, neiti fulltrúar að undirgangast umrædda endurmenntun? Reka þá úr starfi?

Í lið 3.d er mælt fyrir um að lögregla, ákærendur og dómamar skuli sækja námskeið um hatursorðræðu. Í lögum nr. 50, 2016 er kveðið á um hæfniskröfur til dómenda. Skylda til setu á námskeiðum innan aðgerðaáætlunar forsætisráðuneytisins gegn hatursorðræðu er ekki meðal þessara skilyrða. Vandséð er því að þessi fyrirhugaða skylda standist lög.

Í lið 3.e er fjallað um námskeið fyrir starfsfólk á almennum vinnumarkaði. Í greinargerð segir: „Auk þess verði tryggt að starfsfólk taki netnámskeið, sbr. aðgerð 3. Um netnámskeið. Enn og aftur er hér gengið þvert gegn sjálfsákvörðunarrétti bæði atvinnurekenda og starfsmanna þeirra með því að leggja þeim slíka skyldu á herðar.

Í lið 13 er lagt til að stjórnvöld standi fyrir „samtali“ við fjölmiðla um hatursorðræðu. Ekki kemur fram hvað átt er við með orðinu „samtal“ í þessu samhengi. Ætla verður að með þessu hyggist stjórnvöld hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðla, sem brýtur þvert gegn meginreglunni um sjálfstæða og óháða fjölmiðla.

Í lið 14 er lagt til að gerð verði könnun á umfangi mismununar gagnvart starfsfólki heilbrigðisstofnana. Mismunun og hatursorðræða eru sitt hvað. Erfitt er því að sjá að þessi aðgerð eigi heima í umræddri aðgerðaáætlun.

Ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaði

Tilgreindur er áætlaður kostnaður við fjórar af þeim sautján aðgerðum sem lagðar eru til, og er heildarkostnaður 59 milljónir króna. Ætla verður að umtalsverður kostnaður, bæði beinn og óbeinn,

⁵ <https://www.dailymail.co.uk/health/article-9018547/Pfizer-CEO-not-certain-covid-shot-prevents-transmission.html>

⁶ <https://www.visir.is/k/1418b518-4964-4bcb-b1ab-dd0d2b287ee5-1628418981236>

sé samfara hinum þrettán aðgerðunum sem sagðar eru rúmast innan fjárheimilda. Rétt er að nefna sérstaklega liði 10, 14, 16 og 17, en vandséð er annað en að umtalsverður kostnaður fylgi þessum aðgerðum. Af þessu verður að draga þá ályktun að verulega vanti upp á upplýsingar um heildarkostnað við umrædda aðgerðaáætlun.

Af hálfu Málfræslis er varað við því að lagt sé í kostnað upp á tugi milljóna til að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun á svo óljósum grunni sem hér um ræðir. Á því er byggt, nú sem endranær, að frjáls umræða á opnum vettvangi sé besta leiðin til að draga fram það sem telja má satt og rétt. Sagan sýnir að sú leið er farsælli en þöggun og ritskoðun. Sagan sýnir sömuleiðis að varasamt er að fela opinberum yfirvöldum skilgreiningarvald um það hvað telja beri til rangra upplýsinga. Af hálfu samtakanna er varað við fyrirætlunum um að senda beri fólk á einhvers konar endurmenntunarnámskeið, enda er vandséð að slík fyrirætlun samræmist lögum og lýðræðishefðum. Í anda upplýsingar og fræslis ber stjórnvöldum að styrkja fólk til sjálfstæðrar og frjálsrar hugsunar, en ekki veita fyrirmæli um hvað fólk beri að hugsa. Fyrirætlanir forsætisráðherra um að útbúið verði sérstakt „mælaborð“ til að hafa eftirlit með umræðu er í anda stjórnlýndis en ekki frjálslyndis. Alþingi ber að stíga hér fast niður fæti og sjá til þess að lýðræðisleg umræða njóti vafans umfram tilburði í alræðisátt.

Lokaorð

Í stuttu máli lúta athugasemdir Málfræslis að því að títtnefnd þingsályktun feli í sér lymskulega aðför að tjáningarfrelsinu, þar sem verið er að þrengja ramma leyfilegrar umræðu. Samtökin benda á að þegar er til staðar meiðyrðalöggjöf í landinu og að einstaklingar geta leitað réttar síns á grunni hennar. Þingsályktunartillagan felur hins vegar í sér viðleitni til að búa til opinbera stefnu um hvað megi hugsa, segja og skrifa. Allt sem falli utan þess ramma sé óleyfilegt. Slík ráðagerð er óheilbrigð. Alþingi á að standa gegn hvers kyns valdboðsstefnu og tilraunum valdhafa til að skilgreina sannleikann. Fræslis til að gagnrýna, efast, skora ríkjandi viðhorf á hólmi, krefjast endurskoðunar og mótmæla er líftaug lýðræðis, vísindastarfs og borgaralegs fræslis. Leggja ber áherslu á að íbúar landsins njóti fræslis til að fá að nálgast mál frá mismunandi sjónarhólum, án þöggunar, án ritskoðunar. Verði sá rammi ekki varinn mun hann þrengjast. Sú þróun mun valda þrengingum á öllum sviðum mannlífsins. Lýðræðið deyr í þögn. Einræði fæðist í þögn.

Stjórn Málfræslis leggur til að þingsályktunartillaga forsætisráðherra um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu verði dregin til baka.

Stjórn Málfræslis – samtaka um frjálsa og opna umræðu, lýðræði og mannréttindi, kt. 4807221320:

Arnar Þór Jónsson

Björn Jónasson

Erling Óskar Kristjánsson

Helgi Örn Viggósson

Svala Magnea Ásdísardóttir

Þorsteinn Siglaugsson

Þórarinn Hjartarson

Fylgiskjöl:

1. Erindi til Fjölmiðlanefndar vegna hatursorðræði í garð minnihlutahóps, 15. desember 2021.
2. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar í málinu.
3. Kvörtun til Umboðsmanns Alþingis vegna málsmeðferðar og ákvörðunar Fjölmiðlanefndar, 11. mars 2022.
4. Bréf Umboðsmanns Alþingis 8. apríl 2022
5. Erindi til Alþingis vegna starfshátta Umboðsmanns Alþingis, 31. október 2022.
6. Bréf Alþingis, 8. desember 2022.
7. Grein Svölu Magneu Ásdísardóttur, „[Orðin sem geyma hatrið](#)“, birt á Krossgötum 20. janúar 2023.

Greinargerð lögð fram á fundi Allsherjar- og menntamálanefndar þann 12. maí 2023 vegna máls 795, þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu

Ég vil byrja á að þakka formanni nefndarinnar fyrir að kalla okkur til fundar með þeim stutta fyrirvara sem gafst. Málfrelsi skilaði í janúar sl. inn ítarlegri umsögn um þingsályktunartillöguna. Eftir að málið kom til Allsherjar- og menntamálanefndar fengum við ábendingu um að umsögnina hefði ekki verið að finna í minnisblaði Forsætisráðuneytis um viðbrögð við innsendum umsögnum vegna málsins. Mér hefur nú borist umrætt minnisblað og þar má sjá að ráðuneytið lét hjá líða að tilgreina umsögn félagsins og fjalla um hana. Raunar er í minnisblaðinu tilgreint að 17 umsagnir hafi borist og að enginn umsagnaraðili hafi lýst sig andvígán málinu. Í Samráðsgátt má hins vegar sjá við fljótlega skoðun að í það minnsta sex umsagnaraðilar lýsa sig mótfallna málinu. Þetta bendir til að ráðuneytið hafi vísitandi falið neikvæðar umsagnir fyrir nefndinni. Slíkt er afar ámælisvert, ekki aðeins gagnvart félaginu og öðrum umsagnaraðilum, heldur ekki síður gagnvart Alþingi sjálfu. Ég hvet nefndina til að láta fara fram ítarlega, og opinbera rannsókn á þessum vinnubrögðum.

Athugasemdir okkar eru í meginráttum í fimm liðum. Ítarlegri umfjöllun má sjá í umsögn félagsins.

1.

Við gerum athugasemd við að kostnaður við umrætt verkefni virðist verulega vanreifaður. Þar bendum við sérstaklega á fjórar aðgerðir sem sagðar eru rúmast innan fjárheimilda, en þar sem bersýnilega er um að ræða verulega umfangsmiklar sérgreindar aðgerðir og mat á kostnaði við þær ætti því að vera sérstaklega tilgreint.

2.

Viðfangsefni starfshópsins að skoða hvort þörf væri á sérstökum aðgerðum gegn svonefndri hatursorðræðu. Hvergi kemur fram í greinargerðinni hvernig sú athugun var unnin, hvaða aðferðafræði var beitt eða hverjar niðurstöður umræddrar athugunar voru. Í greinargerðinni má finna órökstuddar staðhæfingar um að hatursorðræða hafi aukist, ekki er vísað til neinna gagna þessu til stuðnings. Nefndin leggur með öðrum orðum til að farið verði í umfangsmikla vinnu við að útbúa námskeið gegn hatursorðræðu, en þrátt fyrir að hún hafi haft það skilgreinda viðfangsefni að leggja mat á umfang þessa vandamáls og þörfina fyrir aðgerðir gegn því lætur hún þetta undir höfuð leggjast en virðist einfaldlega gefa sér að aðgerðanna sé þörf, en virðist ekki hafa uppfyllt það hlutverk sitt að vinna neina rannsókn á þörf fyrir aðgerðirnar.

Í umfjöllun um einstakar aðgerðir er í drögum að tillögunni meðal annars lögð sú skylda á herðar kjörnum fulltrúum á sveitarstjórnarstigi að þeir sitji tiltekin námskeið. Mælt er fyrir um að dómara sitji umrædd námskeið. Mælt er fyrir um að starfsfolk á almennum vinnumarkaði verði skyldað til að sitja umrædd námskeið.

Það er lítill vafi á því að með þessu er brotið gróflega gegn lögum og stjórnarskrá. Í nýrri útgáfu þessa dæmalausa plaggs hefur orðalagi að vísu verið breytt, svo ekki er jafn skýrt að forsætisráðherra hyggist brjóta lög og stjórnarskrá til að þvinga þessa hópa til að sitja námskeið sín. Þó er enn lögð sú skylda á herðar framkvæmdastjórum sveitarfélaga að kalla eftir umræddum námskeiðum. Þegar kemur að starfsmönnum Stjórnarráðsins er talað um að "nauðsynleg fræðsla sé veitt", sem túlka má svo að starfsmenn verði skyldaðir til að þiggja fræðsluna; það orðalag að hún sé nauðsynleg felur það í sér. Jafnframt kemur fram að

ráðherra hyggist láta yfirmenn njósna um hvort starfsmenn þeirra hafi farið á námskeiðið. Hvað starfsmenn á almennum vinnumarkaði snertir er ekki lengur talað beint um að þeir verði skyldaðir til að sitja námskeiðið. Hins vegar segir í umfjöllun um aðgerð 3.5: "Á Íslandi er það lögbundin skylda atvinnurekenda að tryggja góðan aðbúnað á vinnustað og gera skriflegt áhættumat sem tekur m.a. tillit til félagslegra þátta í tengslum við vinnuaðstæður. Margir þættir falla undir félagslegt vinnuumhverfi og eru samskipti samstarfsfólks þar á meðal." Fjallað er um áhættumat í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Áhættumat sem þar er fjallað um snýr að hættum sem starfið sem slíkt kann að hafa í för með sér, t.d. vegna notkunar véla og tækja, hættulegra efna og þar fram eftir götunum. Ekkert er fjallað um samskipti starfsfólks innbyrðis né samskipti starfsfólks við aðila utan fyrirtækisins og hvort þau séu kurteisleg eða ekki. Með þessari undarlegu röksemdafærslu og fjarstæðukenndu tilraun til að reyna að teygja lög um aðbúnað á vinnustöðum yfir í að ná yfir hugmyndir forsætisráðherra um hatursorðræðu er bersýnilegt að verið er að reyna að þvinga fyrirtæki til að neyða starfsmenn til að sitja hin títtnefndu námskeið, og að það hyggst ráðherra gera með því að vísa ranglega til meintra skyldna samkvæmt löggjöf sem snýst um allt annað efni.

3.

Í greinargerð með tillögunni eru tilgreindir sérstaklega ákveðnir hópar sem ekki megi beita hatursorðræðu gegn. Í ljósi reynslunnar má slík framsetning heita uggvænleg, því með gagnályktun má ætla að aðrir njóti ekki slíkrar verndar. Reynsla síðustu ára hefur afhjúpað hættuna á að þær áherslur sem hér um ræðir leiði í framkvæmd til varhugaverðrar mismununar. Sem dæmi má nefna að þeir sem af ýmsum ástæðum kusu að þiggja ekki sprautu með svonefndum Covid-19 bóluefnum máttu sitja undir orðræðu af ætt mismununarstefnu og aðskilnaðar, sem talin hefði verið dæmi um hatursorðræðu ef henni hefði verið beint að þeim hópum sem tilgreindir eru í greinargerðinni. Ég vísa til umsagnar félagsins varðandi nánari umfjöllun um þetta.

4.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir: „Ekki liggur fyrir nein ein skilgreining á hugtakinu hatursorðræða sem sammælt hefur verið um, hvorki að þjóðarétti né landsrétti einstakra ríkja. Því er ljóst að hatursorðræða er ekki skýrlega afmarkað lögfræðilegt hugtak.“ Verði áætlunin samþykkt og hrint í framkvæmd merkir það að ókjörnum embættismönnum og/eða verktökum er falið að framkvæma hana, og þar sem skilgreiningu vandamálsins vantar, að skilgreina það einnig. Með því myndi Alþingi framselja vald til ákvarðana sem geta haft réttaráhrif til aðila sem ekki er ætlað að fara með slíkt vald.

Í umræðu um hatursorðræðu kennir margra grasa. Því hefur meðal annars verið haldið fram af áhrifafólki á opinberum vettvangi að tjáningarfrelsið nái í raun ekki lengra en svo að fólk sé að vísu heimilt að hafa skoðun á því hvort setja eigi ananas á pizzur, en tjáning skoðana sem lúta að veigameiri málum eigi að vera óleyfileg. Og það hvort hafa eigi ananas á pizzu er ekki einu sinni skoðun, það er bara smekksatriði. Samkvæmt þessu viðhorfi, sem því miður virðist nokkuð almennt, er skoðanafrelsi í raun afnumið.

Enska hugtakið "micro-aggression" er gjarna talið lýsa ummælum sem teljist til hatursorðræðu. "Micro-aggression" er til dæmis ef maður rekst á konu sem maður þekkir, hún hefur gildnað talsvert síðan síðast og viðkomandi dregur því þá ályktun að hún sé ólétt og óskar henni til hamingju. Sé konan ekki ólétt heldur hefur bara fitnað, fellur slíkt undir "micro-aggression" og telst þar með hatursfull ummæli gagnvart minnihlutahópi. Sama gildir

ef samkynhneigður karlmaður er spurður hvort hann sé kominn með kærustu, og þá væntanlega líka ef gagnkynhneigð kona er spurð hvað sé að fréttu af konunni hennar. Með því að fela óþekktum aðilum, sem í ljósi reynslunnar má telja að ekki sé ólíklegt að verði einmitt aðilar með öfgaskoðanir af þessu tagi, að kenna öllum almenningi hvað sé hatursorðræða og hvað ekki, er verið að leggja grunn að því að skilgreining á hugtakinu hatursorðræða, sem gengur þvert gegn grundvallarréttindum almennings til frjálsrar tjáningar, náí fótfestu, og rati fyrr eða síðar inn í lög og dómaframkvæmd. Ég hvet nefndarmenn til að velta fyrir sér hvort þeim hugnist að búa í samfélagi þar sem þau geta átt á hættu að verða dæmd til fangelsisvistar fyrir að hafa skoðanir á öðru en pizzuáleggi eða fyrir velviljuð ummæli við kunningja eða ókunnuga, sem eru á misskilningi byggð.

5.

Eins og fram kemur í lið fjögur hér að ofan liggur ekki fyrir nein skilgreining á hugtakinu hatursorðræða og þetta kemur skýrt fram í greinargerð með tillögunni.

Þar sem hugtakið er óskilgreint leiðir af því að ekki liggur fyrir hvert vandamálið er, sem hugtakinu er ætlað að ná yfir. Af þessu leiðir aftur tvennt. Í fyrsta lagi að ómögulegt er að leggja mat á hvort vandamálið sem hugtakið lýsir sé til staðar; til þess þyrfti að liggja fyrir hvert vandamálið er. Í öðru lagi að ómögulegt er að skipuleggja aðgerðir til að vinna bug á vandamálinu; til þessi þyrfti líka að liggja fyrir hvert vandamálið er.

Það hlýtur því að vera bersýnilegt hverjum þeim sem er fær um lágmarks skarpleika í hugsun að forsendur umræddrar aðgerðaáætlunar eru einfaldlega ekki til staðar.

Lokaorð

Fjandsamleg ummæli fólks í garð hvers annars grundvallast oftast á þekkingarleysi af einhverjum toga, en sjaldnast á illvilja. Leiðin til að takast á við slíkt er að hvetja til samskipta og samræðna. Tjáningarfrelsið er grundvöllur þess að fólk geti átt í samræðu, hvort sem það er á einkavettvangi eða opinberum vettvangi.

Á undanförunum mánuðum og misserum hafa deilur um málefni transfólks verið fyrirferðarmiklar. Gagnrýni á fræðslu um slík málefni í grunnskólum hefur meðal annars komið fram. Því miður hefur gjarna verið brugðist við slíkri gagnrýni, ekki með því að benda á veilur í henni, heldur með því að saka þá sem setja hana fram um "hatursorðræðu"; með öðrum orðum, krefjast þess að þaggað verði niður í þeim.

Til að leggja okkar af mörkum til að ná þessari umræðu af því stigi sem hún er nú á hefur Málfrælsi ákveðið að standa fyrir málfundi um þessi mál, sem haldinn verður næstkomandi mánudag. Þar mun fulltrúi frá Samtökunum 78 fjalla um fræðslu samtakanna og bregðast við spurningum og athugasemdum í opinni umræðu. Það má líta á þennan viðburð sem mikilvægan þátt í að glíma við fjandskap og öfgar; að stefna fólki með ólík sjónarmið saman til að ræða málin málefnalega og vonandi komast nær því að forða misskilningi og draga úr ágreiningi.

Verði þingsályktunartillaga forsætisráðherra sem hér liggur fyrir samþykkt má vera að þess verði ekki langt að bíða að fundir af þessum toga verði bannaðir með lögum að viðlagðri fangelsisrefsingu. Ég hvet nefndarmenn til að hugleiða það og til að hugleiða ábyrgð sína og skyldur gagnvart stjórnarskrá og mannréttindum.

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Siglaugsson

Formaður Málfræslis - samtaka um frjálsa og opna umræðu, lýðræði og mannréttindi



UMSÖGN

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sendandi: Reykjavíkurborg

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023 – 2026, 795. mál

Reykjavíkurborg ítrekar meðfylgjandi umsögn dags. 20 janúar 2023, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023 - 2026.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg sjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026 dags. 20. janúar 2023

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2023
MSS23010220

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026

Það væri kostur í inngangi aðgerðaáætlunar að skilgreina hvað er átt við með hatursorðræðu og tilgreina hvaða hópar verða helst fyrir henni á Íslandi. Í tengslum við skilgreiningu væri hægt að byggja á tilmælum Evrópuráðsins sem eru tilgreind í greinargerð með aðgerðaáætluninni.

1. Framkvæmdasjóður vegna verkefna gegn hatursorðræðu.

Sveitarfélögum er eðlilega ætlað hlutverk í því að vinna gegn hatursorðræðu og því rétt að tiltaka þau sérstaklega sem hagsmunaaðila í þessari aðgerð.

2. Vitundarvakningarherferð.

Hér eru ekki gerðar athugasemdir við aðgerðina sjálfa en í greinargerðinni, umfjöllun um þessa aðgerð, þá virðist vanta viðurkenningu á því að konur sem berjast gegn ríkjandi kynjakerfi verða ítrekað fyrir hatursorðræðu. Það er mikilvægt, eins og áhersla er lögð á, að horfa sérstaklega til hinsegin fólks og fólks af öðrum kynþætti en er ríkjandi á Íslandi en það er líka nauðsynlegt að horfast í augu við að hatursorðræða í íslensku samfélagi hefur í miklum mæli beinst að konum. Þá þarf einnig að skoða kynjuð áhrif á hatrið sem ýmsir hópar upplifa, svo sem hvernig aðilar innan minnihlutahópa geta upplifað hatursorðræðu með ólíkum hætti eftir kyni, en einnig hvernig fólk af ólíkum kynjum og þá oft á tíðum konur eru nýttar í hatursorðræðu og baráttu gegn réttindum og tilverurétti minnihlutahópa, sbr. TERF hreyfinguna sem berst í nafni kvenréttinda gegn trans konum.

Einnig hefur fatlað fólk ítrekað orðið fyrir hatursorðræðu í íslensku samfélagi og þarf aðgerðaáætlunin einnig að taka mið af því.

Þrátt fyrir að ekkert sé í aðgerðunum sjálfum sem útilokar að horft sé til þeirrar hatursorðræðu sem konur verða fyrir er það áhyggjuefni að í greinargerð sé það hvergi tilgreint með skýrum hætti þar sem greinargerðir hafa oft áhrif á túlkun og útfærslu.

Eðlilegt hefði verið í greinargerð að tilgreina sérstaklega Samtökin '78 sem samstarfsaðila.

3. Netnámskeið gegn hatursorðræðu.

Mikilvægt er að skoða útfærsluna og mæla notkunina á netnámskeiðum eins og fram kemur í greinargerð.

Að útbúa rafrænt efni er einfaldara og ódýrara í útfærslu og það er auðveldara að ná til margra en þegar frætt er í eigin persónu. Þessi leið hefur hins vegar ákveðna ókosti



sem mikilvægt er að mæta, t.d. eins og skorti á uppbyggilegum skoðanaskiptum og því að sumir „sækja“ námskeiðin án þess að vera raunverulega á þeim.

Ef fræðsla er valkvæð, nær hún til færri og hefur þar af leiðandi minni áhrif. Eftirfylgnin þarf að vera markviss til þess að tryggja að þessi aðgerð skili tilætluðum árangri.

Í tengslum við liðina undir aðgerð 3 mætti líta til árangurs af fræðslu til kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga um hinsegin málefni sem er aðgerð nr. 15 í núverandi aðgerðaáætlun ríkisins í málefnum hinsegin fólks. Fjöldi þeirra sem hafa tekið námskeiðin hefur ekki endurspeglað fjölda kjörinna fulltrúa né fjölda starfsfólks sveitarfélaga. Það er því tilefni til að staldra við og velta fyrir sér árangri og áhrifum slíkra aðgerða.

Skýra mætti betur tilganginn og mögulegt innihald þessara netnámskeiða, en í greinargerð er sérstaklega fjallað um að taka mið af þörfum og aðstæðum ólíkra hópa og að dregið sé fram hvert hægt sé að leita telji einstaklingar að á sér hafi verið brotið. Hér er vert að spyrja hvort að sú hugmyndafræði og fordómar sem liggja að baki hatursorðræðu verði ekki örugglega í brennidepli. Ásamt því vaknar spurning um hver eigi að vinna að og útfæra samhæfð viðbrögð við hatursorðræðu, mismunun og áreitni innan sveitarfélaga sem eru nefnd í greinargerðinni.

7. Þolendakönnun ríkislögreglustjóra.

Það er kostur að skoða umfang hatursorðræðu í þolendakönnun ríkislögreglustjóra en til þess að geta greint betur hvaða hópar verða fyrir og upplifa hatur þarf að spyrja út í það sérstaklega, þ.e. að bæta við bakgrunnsspurningum, nokkuð sem hefur ekki verið gert hingað til.

Þýðið sem notað er í þolendakönnuninni er lítið og aðrar aðferðir til að skoða eðli hatursorðræðu hér á landi þyrftu að vera notaðar jafnhliða s.s. að nýta rýnihópa og greina umfjöllun á miðlum.

Það má einnig varpa fram þeirri spurningu hvort þolendakannanir nái til fólks af erlendum uppruna, þ.e. mun fólk af erlendum uppruna svara ef það lendir í úrtaki.

10. Fræðsla gegn hatursorðræðu fyrir börn og unglinga.

Í þessari aðgerð væri skynsamlegt að gera ráð fyrir því að vinna þyrfti náms- og fræðsluefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og ætla fjármagn í það. Einnig þyrfti samhliða þessu að skoða hvernig má koma þessari þekkingu og fræðslu til kennaranema sem og í gegnum aðra háskólamenntun til þess að tryggja sjálfbærari framfylgd á aðalnámskrá, sem er nefnd í aðgerðinni.

11. Aukin upplýsingamiðlun og samráð við börn og ungmenni um hatursorðræðu.

Aðgerðin er góð og gæti haft mikil áhrif. Hér er einungis bent á mikilvægi þess að ná til fjölbreytts hóps barna og hugað sé að ólíkum minnihlutahópum. Tryggja þarf gott aðgengi út frá fjölbreyttri stöðu barnanna.

12. Aukin fræðsla, upplýsingamiðlun og samráð um hatursorðræðu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

Aðgerðin er nokkuð óljós, og ekki skýrt fyrir hverja mögulegir fundir, málstofur og fræðsla á að vera. Það er jákvætt að leggja áherslu á samráð og samtal og þess þarf að gæta í því sambandi að kalla til grasrótar og hagsmunasamtök. Í þessu samhengi



mætti einnig tilgreina sveitarfélög sem bera ábyrgð á skólastarfi og margs konar þjónustu.

14. Könnun um mismunun á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum.

Aðgerðin snýr að könnun á tilteknum heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum þ.e. skoða umfang mismununar gagnvart starfsfólki. Aðgerðin er nokkuð sértæk miðað við aðrar aðgerðir sem settar eru fram og ekki er tilgreint í greinargerð hvers vegna hún er sett fram né hvernig eigi að bregðast við niðurstöðum. Ef farið verður í þessa aðgerð ætti samhliða að skoða mögulega mismunun sem íbúar hjúkrunarheimila verða fyrir og notendur heilbrigðisstofnanna upplifa. Til viðbótar við þær breytur sem eru taldar upp í aðgerðinni væri nauðsynlegt að skoða mismunun út frá holdafari og út frá heilsu og/eða veikindum. Einnig þyrfti hluti aðgerðarinnar að lúta að mögulegum viðbrögðum ef í ljós kemur mismunun.

Aðgerðir sem vantar

1. Útfærsla á viðbrögð við hatursorðræði á vinnustöðum

Koma með tillögur um það hvernig megi flétta viðbrögð við hatursorðræðu inn í viðbragðsáætlanir fyrirtækja vegna eineltis, áreitiss og ofbeldis.

Þetta verið útfært m.a. með sveitarfélögum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins.

2. Ráðning verkefnastjóra

Það er mikilvægt að ráða verkefnastjóra til að fylgja eftir aðgerðaáætluninni og veita þeim sem bera ábyrgð fræðslu og stuðning. Með því móti er betur tryggt að aðgerðir nái tilgangi sínum, nái til þeirra sem þarf og verði unnar á réttum tíma. Ljóst er að við útfærslu aðgerðaáætlunarinnar myndast þekking og verður til efni um hatursorðræðu og þarf að samræma vinnubrögð og finna farveg til að deila þessari þekkingu svo að hún nýtist sem best.

3. Vettvangur til að tilkynna um hatursorðræðu

Skapa vettvangur til að auðvelda brotapolum hatursorðræðu að tilkynna um hana. Taka þarf tillit til mismunandi stöðu einstaklinga m.a. út frá tungumáli og tölvufærni. Búa þarf til verkferla um hvernig skuli brugðist við tilkynningum um hatursorðræðu.

Almennt:

Tryggja þarf að hagsmunafélög og grasrótarsamtök hafi sterka rödd í sem flestum aðgerðum og nauðsynlegt er að kortlagning á þeim mismunandi minnihlutahópum sem eiga á hættu að verða fyrir hatursorðræðu verði gerð áður en ráðist verður í aðgerðir. Einnig þarf að tryggja að þau sem vinna að og útfæra aðgerðirnar séu sérfræðingar á þeim sviðum sem þær taka til.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

Anna Kristinsdóttir

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 27. mars 2023
Tilvísun: 2023030106

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Umsögn ríkislögreglustjóra um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál

Embætti Ríkislögreglustjóra vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 9. Mars 2023 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026. Velvirðingar er beðist á að umsögnin berist eftir umsagnarfrest.

Aðgerðaáætluninni er ætlað að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir, berjast gegn og bregðast við hatursorðræðu í íslensku samfélagi. Um yrði að ræða fyrstu aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda á málefnasviðinu. Gildistími hennar er áætlaður á tímabilinu 2023–2026 og var við mótun hennar horft til alþjóðlegra og erlendra fyrirmynda. Fulltrúi embættisins tók þátt í undirbúningi tillögunnar. Embættið telur mikilvægt og gagnlegt að tillagan að aðgerðaráætlun hefur orðið til í öflugu og víðtæku samráði.

Aðgerðirnar krefjast aðkomu margra og oft ólíkra aðila, en eru skilgreindar, tímasettar og ábyrgðaraðilar þeirra eru tilgreindir. Stefnt er að því að eftirfylgni stefnunnar verði miðlæg með gagnvirkum stafrænu mælaborði sem auðveldar bæði eftirfylgni og aðhald með framkvæmd áætlunarinnar. Ríkislögreglustjóri tekur undir þau meginsjónarmið sem liggja til grundvallar aðgerðaráætluninni. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni eru aðgerðir sem miða að því að bæta stöðu og réttindi fólks sem er í viðkvæmri stöðu og á á hættu að verða fyrir hatursorðræðu í samfélaginu ekki einvörðungu til hagsbóta fyrir viðkomandi einstaklinga, heldur fyrir samfélagið allt. Hvað varðar einstakar aðgerðir áætlunarinnar, vill embættið vekja athygli á eftirgreindum sjónarmiðum.

Embættið tekur undir mikilvægi þess að stuðla að vitundarvakningu um form og birtingarmyndir haturstjáníngar í íslensku samfélagi eins og kemur fram í aðgerð nr. tvö. Óhætt er að fullyrða að ríkir samfélagslegir hagsmunir eru fólgnir í því að koma í veg fyrir hatur í íslensku samfélagi, en bæði birtingarmyndir þess og afleiðingar geta haft alvarleg áhrif á einstaklinga, hópa og samfélagsgerðina sjálfa.

Fræðsla er mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir afbrot. Heildstæð fræðsla eins og fjallað er um í aðgerð þrjú og beinist að mörgum sviðum þjóðfélagsins, ætti að stuðla að skýrari skilning á mörkum tjáníngarfrelsis. Mikilvægt að það sé svigrúm fyrir tjáníngu sem reynir á þanþol ríkjandi hugmynda um leið og þess er gætt að ekki sé brotið gegn réttindum annarra eða vegið að almannahagsmunum.

Hvað varðar aðgerð 3.4, um fræðslu fyrir réttarvörslukerfið sérstaklega, fagnar embættið tillögunni og mun styðja við útfærslu verkefnisins eftir bestu getu. Í því samhengi er athygli vakin á því að

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL) hefur staðið fyrir margskonar fræðslu fyrir lögreglufólk á síðustu árum um hatur og birtingarmyndir þess í samstarfi við innlenda sérfræðinga og erlenda samstarfsaðila á sviði lögreglumenntunar. Þekking, reynsla og tengslanet sem myndast hefur hjá MSL á málefnasviðinu ætti að nýtast vel við framkvæmd aðgerðarinnar. Þá er fjallað um hatur og birtingarmyndir þess í lögreglufræðinámi við Háskólann á Akureyri þar sem einn helsti sérfræðingur landsins á málefnasviðinu sinnir kennslu og rannsóknum.

Aðgerð fimm fjallar um mat á því hvort gefa þurfi út verklagsreglur eða fyrirmæli um rannsókn og saksókn hegningarlaga brota vegna haturstjáníngar. Útgáfa slíkra reglna yrði á forræði ríkissaksóknara í samræmi við gildandi lagaramma, en embætti ríkislögreglustjóra styður tillöguna og lýsir sig reiðubúið til að aðstoða við undirbúning og vinnslu aðgerðarinnar.

Embættið fagnar því sem fram kemur í aðgerð sjö um að einnig verði fjallað um upplifun almennings af haturstjáníngu í þolendakönnunum, enda mikilvægt að tryggja að kortlagning vandans sé byggð á gögnum sem aflað er með markvissum hætti á grundvelli skýrrar og gagnreyndrar aðferðafræði.

Fjallað er um innleiðingu regluverks Evrópusambandsins um innri stafrænan markað í aðgerð átta. Í þessu samhengi vekur embættið athygli á 11. gr. laga um íslensk höfuðlén nr. 54/2021 þar sem fjallað er um heimildir lögreglu til þess að loka og/eða taka yfir lén vegna tengsla við skipulagða brotastarfsemi eða vegna eðlis þess efnis sem miðlað er á síðunni. Í b-lið 1. mgr. ákvæðisins segir að lögregla, að undangengnum dómsúrskurði, geti krafist þess að skráningarstofa loki léni „ef lén er notað til að miðla ólöglegu efni eða efni sem hvetur til refsiverðrar háttsemi sem varðar við almenn hegningarlög og meint brot getur varðað fangelsisrefsingu allt að sex árum eða meira“. Þetta gerir það að verkum að þau úrræði sem lögreglu eru veitt með 11. gr. laganna gagnast ekki þegar um er að ræða tjáníngu haturs á vefsíðum sem vistaðar eru undir .IS lénum þar sem refsiramma 223. gr. a. er að hámarki 2ja ára fangelsisvist. Í samhengi við innleiðingu regluverks um innri stafrænan markað hvetum embættið til þess að hugað verði að samræmi í innlendu regluverki varðandi hatur á netinu, meðal annars ákvæðum lénalaga.

Embættið lýsir sig reiðubúið til þess að taka þátt í því samfélagslega samráði sem fjallað er um í aðgerðum 11 – 13.

Þá verður að hrósa þeirri ríku skírskotun, sem er að finna í drögum að aðgerðaráætluninni til nýsamþykktra tilmæla ráðherra nefndar Evrópuráðsins um haturstjáníngu, enda var Ísland meðal þeirra ríkja sem samþykkti tilmælin þegar þau voru kynnt á vettvangi ráðsins. Mikilvægt er að öflug tenging sé á milli yfirlýsinga íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi og innlendrar framkvæmdar.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra

María Rún Bjarnadóttir

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI



Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026

Allsherjar- og menntamálanefnd

23. mars, 2023

Samtökin '78 fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu. Einnig vilja Samtökin þakka ráðuneytinu fyrir gott samráð og samstarf, en mikilvægt er að vinna sem þessi sé vönduð og ítarleg.

Hatursorðræða hefur vaxið á síðastliðnum árum, bæði bein hatursorðræða gegn minnihlutahópum en sú orðræða fer fyrst og fremst fram á samfélagsmiðlum og athugasemdakerfum netmiðla. Einnig hefur færst í aukana svokölluð óbein hatursorðræða, en þar er hægt að flokka meðvitaða upplýsingaóreiðu þar sem einstaklingar fullyrða eitthvað um ákveðna hópa gegn betri vitund, fagfólki og rannsóknnum. Þessi upplýsingaóreiða getur skapað ólgu og undiröldu sem byggir undir beina hatursorðræðu og mismunun, þá sérstaklega gegn minnihlutahópum.

Óbein hatursorðræða í formi upplýsingaóreiðu er hættuleg minnihlutahópum því hún miðar oft að því að draga úr trúverðugleika einstaklinga innan hópsins sem og sérfræðinga sem starfa með honum. Þar með normaliserar hún ómaklega gagnrýni og vantraust til viðkvæmra hópa sem aftur getur leitt til beinnar hatursorðræðu.

Samtökin '78 ítreka það sem kom fram á fundi með starfshópi forsætisráðuneytisins að skilgreina þarf hatursorðræðu á sem allra skýrasta máta, því ekki má veða að tjáningafrelsi einstaklinga og þarf því að setja skýr mörk á milli hvað getur talist til eðlilegrar tjáningar, samfélaginu til heilla; og hvað getur talist til hatursorðræðu sem getur skaðað einstaklinga, hópa og samfélagið allt. Gott væri að byggja þá skýringu á tilmælum Evrópuráðsins.

Að lokum lýsa Samtökin '78 yfir miklum vilja til þess að koma að þessari vinnu og hvetja stjórnvöld til að vera í góðu samráði við viðurkennd hagsmunasamtök.

F.h. Samtakanna '78,

Daniél E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 15. mars 2023
nr. erindis 2303100 KJ

Á 39. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 14. mars 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 9. mars 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis þar sem allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. mars 2023. Byggðarráð fagnar framkominni þingsályktun.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 31. mars 2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026.

Umboðsmaður barna fagnar því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026.

Hatursorðræða nær til barna og ungmenna, þau verða fyrir slíkri orðræðu og taka þátt í henni, m.a. á samfélagsmiðlum. Í sumum tilvikum er þátttakan óbein og getur lýst sér í því að börn líki við færslur eða dreifi efni sem hvetur til haturs eða mismununar gagnvart ákveðnum hópum fólks í samfélaginu. Á síðasta ári gaf umboðsmaður barna í samvinnu við Persónuvernd og Fjölmíðlanefnd út leiðbeiningar til foreldra, ábyrgðaraðila og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um netið, samfélagsmiðla og börn. Þar er m.a. fjallað um hatursorðræðu og birtingarmyndir hennar á netinu. Í leiðbeiningunum kemur fram að samkvæmt rannsókn Fjölmíðlanefndar og Maskínu „Miðlalæsi á Íslandi 2021“ hafi um fjórðungur á aldrinum 15 ára og eldri upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu á 12 mánaða tímabili sem bendir til að mikil þörf sé á aukinni fræðslu um hatursorðræðu.

Þann 20. maí 2022 gaf ráðherranefnd Evrópuráðsins út tilmæli um hvernig eigi að berjast gegn hatursorðræðu. Í tilmælunum beinir ráðherranefndin því til aðildarríkja Evrópuráðsins að auka og styrkja fræðslu um hatursorðræðu meðal barna og ungmenna, foreldra, kennara og annarra sem vinna með börnum. Þá kemur fram að þörf sé á aðgerðum sem hafi það að markmiði að gera fólki betur kleift að skilja og takast á við hatursorðræðu. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að börnum sé tryggð merkingarbær þátttaka við mótun og framkvæmd slíkra aðgerða og verkefna.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig lagt áherslu á það mikilvæga forvarnahlutverk sem menntun og fræðsla hefur í baráttunni við hatursorðræðu sbr. m.a. ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 75/309 frá 21. júlí 2021.

Í þingsályktunartillögu þessari er fjallað um fræðslu sem ætlað er að vinna gegn hatursorðræðu fyrir börn og ungmenni í aðgerð nr. 10. Þar er lagt til að farið verði heildstætt yfir það náms- og fræðsluefni sem til er um hatursorðræðu og það uppfært og endurútfært eftir því sem við á með það að markmiði að tryggja aðgang barna að vönduðu efni sem henti börnum á öllum aldri. Umboðsmaður barna er þeirrar skoðunar að jafnframt þurfi að leggja mat á það hvort útbúa þurfi nýtt efni frá grunni og þá þurfi að gera ráð fyrir fjármagni í þá vinnu.

Í aðgerð nr. 3 er lagt til að búið verði til sérstakt netnámskeið fyrir fullorðna sem hafi það að markmiði að vinna gegn hatursorðræðu. Leggur umboðsmaður barna til að greint verði hvort æskilegt sé að sambærilegt netnámskeið verði útbúið fyrir börn.

Ánægjulegt er að sérstaklega komi fram í greinargerð að tryggja eigi beina og merkingarbæra aðkomu barna að kennsluefni, enda vita þau best hvernig haga beri fræðslu svo hún nái sem best til þeirra, hvernig hatursorðræða birtist þeim og hvers konar kennsluefni vantar. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013 eiga börn og ungmenni rétt á því að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Það er réttur barna að vera höfð með í ráðum og skylda stjórnvalda að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun. Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft sé samráð við ólíka hópa barna.

Í aðgerð nr. 11 er fjallað um aukna upplýsingamiðlun og samráð við börn og ungmenni um hatursorðræðu. Þar er lagt til að mennta- og barnamálaráðuneytið standi fyrir fræðslu- og samráðsfundum sem hafi það að markmiði að vinna gegn hatursorðræðu og birtingarmyndum hennar meðal barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Það er mat umboðsmanns barna að slíkur vettvangur sé framfaraskref.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Reykjavík, 14. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn UN Women á Íslandi um
aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026 (þingsályktunartillaga)

Virðingarfyllst,
f.h. UN Women á Íslandi



Stella Samúelsdóttir,
framkvæmdastýra

UMSÖGN UN WOMEN Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026, 795. mál.

UN Women á Íslandi er ein þrettán landsnefnda UN Women Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna. UN Women á Íslandi styður tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu og fagnar jafnframt því að það standi til að taka þetta mikilvæga skref með þessum hætti.

Stöðugar fréttir af auknu hatri og óþoli í garð jaðarsettra hópa á Íslandi eru alvarleg teikn á lofti og gríðarlega mikilvægt að bregðast við því af fullum þunga. Eitt allra mikilvægasta vopnið sem samfélagið hefur gegn fordómum, mannvonsku, fáfræði og hatri er aukin fræðsla, upplýst umræða og samheldni samfélagsins um að standa vörð um ákveðin gildi á borð við jafnrétti, frelsi og mannréttindi. Ísland er fremst á meðal þjóða sem sett hafa mannréttindi sem leiðarstef í innanríkis- og utanríkisstefnu sinni. Það var meðal annars þess vegna að UN Women á Íslandi ákvað að FO (Fokk ofbeldi) herferðin 2022 yrði eyrnamerkt hinsegin sjóði UN Women á heimsvísu. Þannig vildi íslenska landsnefndin varpa ljósi á stöðu hinsegin fólks á heimsvísu og safna mikilvægum fjármunum þeim til handa, en á sama tíma freista þess að hreyfa við hlutum hér á landi. Enda hafði umræðan um bakslag og hatursorðræðu verið mjög áberandi á árinu. UN Women á Íslandi hóf undirskriftaráttak í því skyni að hvetja almenning til að taka skýra afstöðu með réttindum hinsegin fólks og skora á íslensk stjórnvöld að bregðast strax við því bakslagi í hinsegin baráttunni sem skotið hafði rötum í okkar góða samfélagi. Þannig vildu samtökin þrýsta á og minna íslensk stjórnvöld á þá ríku ábyrgð sem þau bera í því að tryggja að löggjöfin sé verndandi fyrir jarðasetta hópa ásamt því að stuðla að forvirkum aðgerðum og setja raunverulegar fjárhæðir í fræðslu og upprætingu haturs í samfélaginu. Í áskoruninni sem yfir þúsund einstaklingar skrifuðu undir á stuttum tíma hvöttu UN Women á Íslandi íslensk stjórnvöld sömuleiðis að halda áfram að beita sér fyrir á alþjóðavettvangi að aðrar þjóðir taki sér Ísland til fyrirmyndar og tryggi hið minnsta lagaleg réttindi hinsegin fólks og beiti sér fyrir félagslegum réttindum sömuleiðis. Í nóvember afhentu samtökin svo forsætisráðherra undirskriftirnar og var ljóst að ráðuneytið var þá og er áfram staðráðið í að ná utan um þennan útbreidda vanda.

UN Women á Íslandi fagna því þessum drögum að þingsályktunartillögu af öllu hjarta. Ályktunin er yfirgripsmikil en raunhæf og standa vonir til þess að tímaáætlun hennar geti vel staðist. Það er sérstaklega mikilvægt að beina eigi ljósi að aukinni fræðslu innan kerfis og utan og að fræðslan eigi að vera aðgengileg og auðfundin. Sömuleiðis er mikilvægt að gera eigi tilraun til að ná betur utan um stöðu mála með aukinni öflun gagna og tölfræði. Þannig skiljum við og skynjum betur umfang vandans. Í ljósi þess hve eldfim umræðan er um mörk tjáningarfrelsis og hatursorðræðu telja UN Women á Íslandi þó afar mikilvægt að unnið verði að því að skilgreina verknadinn nákvæmlega svo sameiginlegur skilningur á vandanum sé til staðar. Annars er sjálfhætt að umræðan komist ekki upp úr þeim skotgröfum sem raunin hefur verið síðustu árin. Þar sem hatursfullir einstaklingar skýla sér á bakvið tjáningarfrelsi og hugmyndir um hatursorðræðu eru gjarnan afbakaðar í því skyni. Það er gríðarlega mikilvægt að vernda jaðarsetta hópa í samfélaginu og tryggja þeirra frelsi til að vera hluti

af samfélaginu, án þess að þurfa að þola stöðugt hatur eða fordóma. Það er því mikilvægt að hatursorðæða sé skýrlega afmarkað lögfræðilegt hugtak. Þrátt fyrir að ýmsar lýsingar á hugtakinu liggja fyrir. Því hatursorðæða getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar, hvort sem er fyrir þann einstakling eða hóp sem verður fyrir henni eða samfélagið í heild.

UN Women lýsa þó áhyggjum af því að þeir fjármunir sem eyrnamerkir eru áttakinu fyrir næstu þrjú árin séu ekki nægjanlegir til að ná tókum á þeim samfélagslega vanda sem virðist grassera um þessar mundir í samfélaginu okkar. Enda er ályktunin gríðarlega yfirgripsmikil og virðist ná til allra þeirra þátta sem UN Women á Íslandi hefðu talið að sé mikilvægt að ná til. Hvort sem litið er til þátta er lúta að löggjöfinni, félagslegum þáttum eða fræðslu.

UN Women á Íslandi mun áfram fylgjast vel með framvindu þessa mikilvæga máls. Samtökin eru sömuleiðis boðin og búin til að veita stjórnvöldum leiðsögn, aðhald eða hvaðeina sem vantar til að þoka málinu áfram. Grundvöllurinn til þess að hægt sé að tryggja framvindu málsins er nægjanlegur mannaflí, fjármagn og sameiginlegur vilji samfélagsins til að ná utan um vandamálið. Náist það markmið, er til mikils unnið fyrir framtíðarkynslóðir og mannréttindi í landinu. Því opið, frjálst og mannúðarmiðað samfélag þar sem jafnrétti og mannréttindi eru virt er það sem UN Women hafa barist fyrir frá upphafi og mun áfram berjast fyrir, um ókomna tíð.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2023

Efni: Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, þskj, 1212, 795. mál.

ÖBÍ – réttindasamtök (ÖBÍ) hefur borist ofangreind tillaga til umsagnar. Tillagan er umfangsmikil og mælir fyrir um margar aðgerðir sem vert er að styðja við. ÖBÍ vill þó koma áleiðis eftirfarandi athugasemdum.

I.

Fatlað fólk er stærsti minnihlutahópur í heimi og óhætt að segja að hatursorðræða sé dagleg gegn fötluðu fólki. Fötlun samtvinnast öðrum minnihlutahópum, t.d. fatlað transfólk, fatlaðir flóttamenn og fatlað heimilislaust fólk. Fatlað fólk á í meiri hættu á að vera fórnalömb hatursorðræðu og hatursglæpa og eru þar fatlaðar konur í sérstakri hættu. Samkvæmt nýlegum tölfræðigögnum á vegum EU Fundamental Rights Agency (FRA) eru fatlaðar konur allt að tvisvar til fimm sinnum líklegri til þess að verða fyrir áreiti en ófatlaðar konur, í stafrænum heimi og raunheimum. Það veldur því vonbrigðum að tillagan skuli ekki taka til sértækari aðgerða gegn hatursorðræðu í garð fatlaðs fólks. Jafnframt vekur það athygli að heimilislaust fólk sé hvergi tiltekið í tillögunni. ÖBÍ skorar á nefndarmenn að gera hópi heimilislausra hærra undir höfði í tillögunni þar sem þau tilheyra öllum minnihlutahópum, hafa mikið verið í umræðunni, mæta miklum fordómum, áreiti og koma allstaðar að lokuðum dyrum.

II.

Í gegnum tíðina hefur fatlað fólk ekki verið talið trúverðugt þegar það hefur sagt frá eða tilkynnt um ofbeldi sem það hefur orðið fyrir. Upplýsingar, leiðbeiningar og stuðningur hefur verið takamarkaður og óaðgengilegur. Það er nauðsynlegt að skapa vettvang til að auðvelda brotapolum hatursorðræðu að tilkynna um hana og um leið tryggja viðeigandi aðlögun til þess.

III.


Nauðsynlegt er að hagsmuna-, félagasamtök og grasrót hafi sterka rödd í aðgerðunum. Þá er jafnframt mikilvægt að þau sem koma að því að útfæra og framkvæma aðgerðirnar séu sérfræðingar á þeim sviðum sem mismunandi minnihlutahópar ná til.

IV.


ÖBÍ lýsir áhyggjum yfir því að þeir fjármunir sem eyrnamerkir eru aðgerðum tillögunnar séu ekki nægjanlegir til að ná tökum á þeim samfélagslega vanda sem til staðar er og hvetur til þess að tillögunni verði tryggt meira fjármagn.

Ekkert um okkur, án okkar!

Virðingarfyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Alma Ýr Ingólfssdóttir
lögfræðingur ÖBÍ